MOSFELLINGUR

9. tbl. 9. árg. miðvikudagur 16. júní 2010. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

Mynd/Magnús Már

Sjálfstæðisflokkur og VG

ÁFRAMHALDANDI SAMSTARF

Í nýafstöðnum sveitarstjórnakosningum hlaut Sjálfstæðisflokkurinn hreinan meirihluta eða fjóra fulltrúa af sjö í bæjarstjórn og bættu við sig einum manni. Þrátt fyrir það hefur flokkurinn óskað eftir áframhaldandi samstarfi við Vinstrihreyfinguna grænt framboð. Hafa þessir tveir flokkar orðið sammála um að halda samstarfi sínu áfram á kjörtímabilinu 2010-2014.

Á myndinni má sjá kjörna fulltrúa flokkanna beggja eftir að talið hafi verið upp úr kjörkössunum. Frá vinstri: Hafsteinn Pálsson, Bryndís Haraldsdóttir, Haraldur Sverrisson bæjarstjóri, Herdís Sigurjónsdóttir formaður bæjarráðs og Karl Tómasson forseti bæjarstjórnar. Fyrsti fundur nýrrar bæjarstjórnar er í dag, miðvikudaginn 16. júní.

» 4

EIGN VIKUNNAR

Blikahöfði

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Mjög falleg 3ja herbergja, 99 m2 íbúð, á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli við Blikahöfða í Mosfellsbæ. Fallegar kirsuberjainnréttingar í eldhúsi og svefnherbergjum. Parket og flísar á gólfum. Suðursvalir með miklu útsýni. **Eignin er laus til afhendingar strax! V. 19,9 m.**

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali • www.fastmos.is

RÉTTINGAVERKSTÆÐI Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
NÝ HEIMASÍÐA - WWW.JONB.IS

BGS VOTTUÐ ÞJÓNUSTA

Þjónustuverkstæði útvegum bílaleigubíla

Ný CABAS tjónaskoðun

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Prentun: Oddi **Upplag:** 4000 eintök
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Próförk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsta blað kemur út í ágúst

Tímarnir breytast...

Ítarlega er farið yfir úrslit kosninga í Mosfellingi að þessu sinni. Glænýjar fréttir af nýrri bæjarstjórn í Mosfellsbæ og hreppsnefnd Kjósarhrepps. Sjálfstæðisflokkur og Vinstri grænn ætla að starfa saman í Mosfellsbæ þrátt fyrir hreinan meirihluta Sjálfstæðisflokks. Tímarnir breytast og mennirnir með. Til stóð að auka vægi minni-hlutans í stjórn sveitarfélagsins en ekki náðist samkomulag við hina nýju Íbúahreyfingu.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

Glæsilegt göngukort fylgir nú með Mosfellingi og er fólk hvatt til að kippa því úr opnu blaðsins og geyma og að sjálfsögðu að nýta sér þær frábæru gönguleiðir sem í boði eru um fellin hér í kringum Mosfellsbæ

Mosfellingur fer nú í sumarfrí og snýr aftur um miðjan ágúst þegar bæjarhátíðin okkar, Í túninu heima, nálgast. Hátíðin fer fram dagana 27.-29. ágúst. Takið helgina frá!

Kjúlli frá Ísfugli
langflottastur
www.isfugl.is

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Árið 1942 voru reistar spítalabúðir í landi Suður-Reykja, þar sem Reykjalundur er í dag. Spítalinn hóf starfsemi með 250 sjúkrarúmum í októbermánuði, en hafði rými fyrir 550 sjúklinga í neyðartilvikum. Álafoss Hospital var aðeins starfræktur í eitt ár en starfsemin þá flutt í Helgafell Hospital vegna fækkunar í herliðinu. Reykjabændur, þeir Bjarni Ásgeirsson og Guðmundur Jónsson, voru leigusalar lóðarinnar til hersins. Flestir braggarnir voru fljótlega fjarlægðir en S.Í.B.S. keypti lóðina og hóf starfsemi sína m.a. í þeim sem eftir stóðu og voru í notkun fram á sjöunda áratuginn.
Mynd er fengin að láni frá Reykjalundi.
Texti: Stuðst við ritgerð Friðþórs Eydal, *Hersetan í Mosfellssveit 1940-1944.*

Umsjón: Birgir D. Sveinsson

HÉÐAN OG ÞAÐAN

matarlist.is

Kíktu inn á www.matarlist.is til að kíkja á frábærar uppskriftir og hugmyndir varðandi matargerð og matarmenningu.

Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Sími: 586 8080
www.fastmos.is

Silungatjörn - 270 Mosfellsbær

Vorum að fá í sölu 112,7 m2 sumarhús í landi Miðdals, rétt við Silungatjörn í Mosfellsbæ. Um er að ræða tvílyft sumarhús á steyptum kjallara á fallegum og friðsælum stað rétt við Reykjavik. Húsið stendur á 8.832 m2 eignarlóð.

V.21,9 m.

Kvíslartunga - 270 Mosfellsbær

Vel skipulagt 159,6 m2 einbýlishús á einni hæð á 1.316,6 m2 lóð með góðu útsýni við Kvíslartungu 44 í Mosfellsbæ. Húsið stendur á stórri og fallegri endalóð í litlum botnlanga - mjög stórt bílaplan, skjólgóður trjágróður er í norðri og austri og mikil möl er í lóðinn og hún því viðhaldslítil.
V. 38,5 m.

Stórikriki - 270 Mosfellsbær

Vel skipulagt 320,5 m2 einbýlis/tvíbýlishús við Stórakrika í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í 214,8 m2 íbúð auk 47,3 m2 bílskúr á aðalhæðinni og 58,4 m2 4ra herbergja íbúð á neðri hæðinni (íbúðin er ca. 30 m2 stærri)
V. 59,0 m.

Aðaltún - 270 Mosfellsbær

Mjög fallegt 142,4 fm parhús á tveimur hæðum, með innbyggðum bílskúr við Aðaltún í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er eldhús, stofa, baðherbergi, vinnuherbergi og forstofa. Á 2. hæð er sjónvarpshol og þrjú svefnherbergi. Rúmgóður bílskúr og stórt hellulagt bílaplan. Stór vesturgarður með fallegu útsýni.
V. 36,9 m.

Þrastarhöfði - 270 Mosfellsbær

Mjög glæsileg 140,1 m2 5 herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjórbýlishúsi við Þrastarhöfða í Mosfellsbæ. Rúmgóð og fallega innréttuð íbúð með fjórum rúmgóðum svefnherbergjum. Frábær staðsetning! Stutt í grunn- og leikskóla, sund, World Class og á golfvöllinn.
V. 31,9 m.

Tröllateigur - 270 Mosfellsbær

Glæsileg 122,8 fm, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjórbýlishúsi við Tröllateig 19 í Mosfellsbæ. Íbúðin er mjög rúmgóð og björt. Þrjú góð svefnherbergi og stór geymsla sem hægt er nýta sem herbergi.
Skipti möguleg á dýrara sérbýli (raðhús, parhús eða einbýlishús) fyrir ca. 45-50 millj. í Reykjavík.

V. 28,9 m.

Tröllateigur - 270 Mosfellsbær

Falleg og rúmgóð 121,9 fm, 3ja herbergja íbúð á 3. hæð ásamt bílastæði í bílakjallara í glæsilegu lyftuhúsi við Tröllateig í Mosfellsbæ. Vönduð og fallega innréttuð íbúð með fallegu útsýni til suðvesturs.
V. 24,5 m.

Klapparhlíð - 270 Mosfellsbær

Falleg 2ja herbergja 64,9 m2 íbúð með sérinngangi og timburverönd á jarðhæð í þriggja hæða fjölbýli við Klapparhlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, gang rúmgott svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, stofu og eldhús. Íbúðinni fylgir 7,2 m2 sérgeymsla. Mjög stutt er í grunnskóla, leikskóla, sundlaug og World Class, sem og á golfvöll Mosfellsbæjar.
V. 16,9 m.

Stórikriki - 270 Mosfellsbær

Ný og glæsileg 87,1 m2 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í 3ja hæða lyftuhúsi með bílakjallara við Stórakrika 2. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, góða stofu, eldhús með eikar innréttingu, flísalagt baðherbergi með baðkari, tengi er fyrir þvottavél á baði. Rúmgott hjónaherbergi með fataskáp.
V. 18,9 m.

Stórikriki 41 - 270 Mosfellsbær

352,6 m2 einbýlishús í byggingu á stórri hornlóð við Stórakrika 41 í Mosfellsbæ. Húsið er byggingu í dag og selst í núverandi ástandi. Búið er að steypa botnplötu 1. og 2. hæðar, auk þess sem búið er að steypa upp bílskúr.
V. 23,9 m.

Lækjarmelur - 116 Reykjavík

125 til 135 m2 atvinnuhúsnæði með millilofti við Lækjarmel 8 í Reykjavík. Ca. 100 m2 vinnslusalur með vélslípuðu gólfi og ca. 30 m2 milliloft með stálstiga og stálhandriði.
Bilið er með góðri innkeyrsluhurð, mikil lofthæð og þriggja fasa rafmagn. Snyrting með salerni og handlaug er í rýminu auk skolvasks.
Verð frá 12 til 12,9 m.

Hjarðarholt - Meðalfellsvatn

Fallegt 88,0 m2 einbýlishús á 3.000 m2 útsýnislóð rétt við Meðalfellsvatn í Kjósinni. Húsið skipist í forstofu, tvö góð herbergi með kojum, hjónaherbergi, baðherbergi með sturtu, eldhús og stofu. Stór verönd er við húsið að sunnan og vestanverðu og lóðin er gróin og falleg. Mjög mikið útsýni er frá húsinu.
V. 25,9 m.

Eyjafell - Meðalfellsvatn

Mjög vel staðsettur 75,1 m2 sumarbústaður við Eyjafell undir hlíð innanvert rétt við Meðalfellsvatn. Húsið stendur á gróinni 2.250 m2 eignarlóð með fallegu útsýni. Stórar verandir eru í kringum húsið með heitum pott.
V. 15,0 m.

Lögreglustöðin flytur frá Völuteigi

Lögreglan hefur flutt starfsemi sína frá Völuteigi 8 í Mosfellsbæ að Krókhálsi 5 í Reykjavík. Frá því breyting var gerð í löggæslumálum höfuðborgarsvæðisins þann 1. maí 2009 hefur starfsemi lögreglustöðvar 4, sem annast löggæslu í Árbæjar-, Selás-, Grafarvogs-, Grafarholts-, Grundarhverfi, Mosfellsbæ og Kjósarsýslu, verið á tveimur stöðum. Á Völuteigi hefur rannsóknardeild stöðvarinnar haft aðsetur en að Krókhálsi hefur sólarhringslöggæslan verið til húsa. Nú flyst starfsemin öll á sama stað. Eins og kunnugt er stendur til að lögreglan og slökkvilið höfuðborgarsvæðisins flytji í húsnæði við Skarhólabraut.

Moso Mongo Memory Mix í Listasal

Í Listasal Mosfellsbæjar stendur yfir sýning Snorra Ásmundssonar, Moso Mongo Memory Mix. Snorri hefur verið í samræðum við samfélagið, lífið og dauðann í verkum sínum og í þessari sýningu ætlar hann að varpa fram hinni stóru spurningu. Snorri ætlar að koma á óvart og vill ekkert gefa upp hvað sýningin hefur uppá að bjóða að öðru leyti. Sýningin stendur til 3. júlí og er opin á afgreiðslutíma Bókasafnsins.

Sjálfstæðismenn og Vinstri-grænn í áframhaldandi meirihlutasamstarfi

Traust samstarf og ánægðir íbúar

Í nýafstöðnum sveitarstjórnakosningum hlaut Sjálfstæðisflokkurinn í Mosfellsbæ 49.8% atkvæða og fjóra fulltrúa af sjö. Vinstrihreyfingin - grænt framboð hlaut 11,7% og einn fulltrúa. Flokkarnir störfuðu saman í meirihluta á síðasta kjörtímabili.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur því einn hreinan meirihluta í bæjarstjórn en hefur þrátt fyrir það óskað eftir áframhaldandi samstarfi við Vinstrihreyfinguna grænt framboð. „Samstarf síðustu fjögurra ára hefur reynst vel og hefur einkennst af trausti og samhug og eru niðurstöður kosninganna skýr skilaboð um ánægju íbúa," segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.

Hjónin Haraldur Sverrisson bæjarstjóri og Ragnheiður Gunnarsdóttir ganga til kosninga laugardaginn 29. maí.

Öll framboð vinni saman

„Þjóðfélagsumræðan undanfarin misseri hefur í auknum mæli beinst að lýðræðisumbótum hvers konar. Rætt hefur verið um völd og ábyrgð kjörinna fulltrúa og rétt íbúa til að taka þátt í ákvörðunum og mikilvægi þess að ná samstöðu um málefni samfélagsins. Af þeim sökum vill Sjálfstæðisflokkurinn mynda sem breiðasta samstöðu um stjórn sveitarfélagsins og lagði til að öll framboð ynnu saman að veigamiklum málum á tímabilinu. Tvö mál yrðu sett í sérstakan forgang í samvinnu framboðanna á árinu 2010, annars vegar að móta lýðræðisstefnu og reglur um íbúakosningar og hins vegar að standa saman að gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2011", segir í tilkynningu frá nýjum meirihluta.

Minnihluta boðið aukið vægi

Þeim flokkum sem munu eiga minnihluta í bæjarstjórn, Samfylkingu og Íbúahreyfingunni, var einnig boðið að koma að stjórn sveitarfélagsins með mun áhrifameiri hætti en atkvæðamagn þeirra gerir þeim kleift. „Þetta var gert til að gefa mætti öllum framboðum aukið tækifæri á embættum og setu í nefndum og ekki myndi fara fram hlutfallskosning um setu í nefndum og ráðum. Samfylkingin tók jákvætt í þessar hugmyndir og lýstu yfir stuðningi sínum við þær. Íbúahreyfingin hafði hinsvegar aðrar hugmyndir um samvinnu af þessu tagi og var ekki reiðubúin að vinna samkvæmt þessum hugmyndum og því verður ekki hægt að gera samkomulag um þverpólitíska samvinnu að þessu sinni," segir Haraldur.

Haraldur áfram bæjarstjóri

Sjálfstæðismenn og Vinstrihreyfingin grænt framboð hafa skipt með sér verkum og verður Haraldur Sverrisson oddviti sjálfstæðismanna bæjarstjóri. Í upphafi verður Karl Tómasson oddviti VG forseti bæjarstjórnar og Herdís Sigurjónsdóttir, sem er í öðru sæti á lista sjálfstæðismanna formaður bæjarráðs. Flokkarnir hafa gert með sér áherslu- og samstarfssamning.

Mos-Bus er fyrsti ferðamanna- og afþreyingarstrætó í umferð hér á landi

Ókeypis ferðamannastrætó

Mos-Bus fór í sína fyrstu ferð þriðjudaginn 1. júní. Það var Haraldur Sverrisson bæjarstjóri sem fór í fyrstu ferðina ásamt góðum gestum. Mos-Bus er ókeypis ferðamanna- og afþreyingarstrætó og sá fyrsti hér á landi. Búið er að setja upp sérstakar stoppistöðvar í bænum, Mosfellsdal og við Esjustofu sem tekur einnig þátt í verkefninu.

Fjórar ferðir á dag í sumar

Mos-Bus fer fjórar ferðir á dag og hentar því vel til þess að njóta alls þess besta sem bærinn hefur upp á að bjóða. Þá hefur það einnig vakið athygli hversu vel ferðaþjónustuaðilar standa saman að því að bjóða upp á þessa lausn fyrir ferðamenn. Strætóinn hefur farið vel af stað og ferðamenn farnir að nýta sér þjónustuna. Bæjarbúar eru einnig hvattir til þess að skella sér í ævintýraferð og bjóða með sér gestum.

Frá fyrstu ferð Mos-Bus. Albert Rútsson Hótel Laxnesi, Haraldur Sverrisson bæjarstjóri, Björn Þráinn sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs ásamt Gerðu og Guðmundi Arnari í Álafossbúðinni.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is

Helgihald framundan

Þjóðhátíðardagur 17. júní
Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11. Sr. Skírnir Garðarsson

Sunnudagurinn 20. júní
Kvöldguðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 20. Sr. Kjartan Jónsson

Sunnudagurinn 27. júní
Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 11. Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Sunnudagurinn 4. júlí
Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11. Sr. María Ágústsdóttir

Sunnudagurinn 11. júlí
Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11. Sr. Skírnir Garðarsson

Sunnudagurinn 18. júlí
Göngumessa frá Lágafelli
Nánar auglýst á heimasíðu kirkjunnar

Sunnudagurinn 25. júlí
Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 11. Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Sunnudagurinn 1. ágúst
Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11. Sr. Skírnir Garðarsson

Sunnudagurinn 8. ágúst
Kvöldguðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 20. Sr. Skírnir Garðarsson

Sunnudagurinn 15. ágúst
Kvöldguðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 20. Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

www.lagafellskirkja.is

VERSLUNARTÆKNI

1990 **20** ára 2010

fyrir verslanir og þjónustufyrirtæki

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2010

Verslunartækni er leiðandi í innréttingum og kælum fyrir verslanir ásamt nánast öllum þeim vörum sem þarf til að opna eða breyta verslun

fyrir baksvæði, lager og vöruhús

Lagerhillukerfi í mörgum stærðum og útfærslum ásamt miklu úrvali af vögnum, brettatjökkum, skápum og plastboxum fyrir smávöru

fyrir matvinnslur, hótel og veitingastaði

Kæli- og frystiklefar, stálborð, stálvaskar, vagnar og margt fleira sem hentar fyrir mötuneyti, matvinnslur og hótel

auglýsinga og framstillingavörur

Úti og inniskilti ásamt bæklingastöndum í ýmsum útfærslum, fjöldi af lausnum bæði til kynninga og merkinga á vörum

Sjáðu úrvalið inn á www.verslun.is

Linde Ladenbau | caddie | Tasselli | ISA | Carrier | Cold Line | dancop | DSE | Pan-Oston | ITAB | unis | BUNZL

Verslunartækni | Dragháls 4 | 110 Reykjavík | Sími 5351300 | Fax 5351305 | verslun@verslun.is

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri og oddviti sjálfstæðismanna. Flokkurinn nær hreinum meirihluti, fjórir menn.

Jónas Sigurðsson oddviti Samfylkingarinnar í essinu sínu. Flokkur hans tapar helmings fylgi frá árinu 2006.

Marteinn Magnússon oddviti framsóknarmanna greiðir atkvæði sitt. Flokkurinn nær ekki manni inn í bæjarstjórn.

Á myndunum má sjá fulltrúa flokkanna greiða atkvæði á kjörstað laugardaginn 29. maí 2010

Aðeins 68% kjörsókn í Mosfellsbæ

- *Sjálfstæðisflokkurinn nær hreinum meirihluta, fjórum bæjarfulltrúum*
- *Íbúahreyfingin er orðin nærst stærsta stjórnmálaafl í Mosfellsbæ*
- *Vinstri grænn halda sínum manni*
- *Samfylkingin geldur afhroð*
- *Framsóknarflokkurinn þurrkast út*

Formenn nefnda í nýjum meirihluta Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna:

Skipulags- og byggingarnefnd:
Bryndís Haraldsdóttir (D)
Fræðslunefnd: Hafsteinn Pálsson (D)
Fjölskyldunefnd: Kolbrún Þorsteinsdóttir (D)
Umhverfisnefnd: Bjarki Bjarnason (V)
Íþrótta- og tómstundanefnd:
Theodór Kristjánsson (D)
Menningarmálanefnd:
Bryndís Brynjarsdóttir (V)
Þróunar- og ferðamálanefnd:
Rúnar Bragi Guðlaugsson (D)

Karl Tómasson forseti bæjarstjórnar og oddviti Vinstri grænna á kjörstað. VG heldur sínum manni í bæjarstjórn.

Birta Jóhannesdóttir úr Íbúahreyfingunni. Þau ná manni inn og eru nærst stærsta stjórnmálaflið í Mosfellsbæ.

ELDRI BORGARAR

Kanada, Winnipeg!

Ferðafélagar, fundur verður í Safnaðarheimilinu Þverholti 3, mánudaginn 5. júlí kl. 19.30.
Ath: Síðasti fundur fyrir brottför.

Handverksstofan á Eirhömrum

er opin í sumar kl. 13-16. Sími 5868014

Upplýsingar og skráningar í ferðir og námskeið eru á skrifstofu félagsstarfsins Eirhömrum kl. 13-16, símar 5868014 og í gsm. 6920814

KJÓSARHREPPUR

Guðmundur Davíðsson **(K)**

Sigurbjörn Hjaltason **(Z)**

Guðný Ívarsdóttir **(K)**

Rebekka Kristjánsdóttir **(Z)**

Þórarinn Jónsson **(Á)**

94% kjörsókn í Kjósarhreppi - Guðmundur Davíðsson frá Miðdal oddviti

Ný hreppsnefnd tekin til starfa

Nýkjörin hreppsnefnd Kjósarhrepps kom saman mánudagskvöldið 14. júní og skipti með sér verkum. Fimm manns skipa nefndina af þremur listum. Samstaða var um að Guðmundur Davíðsson frá Miðdal yrði oddviti og tekur hann við af Sigurbirni Hjaltasyni en Guðmundur er oddviti K-lista, lista Kröftugra Kjósarmanna. Varaoddviti var kjörinn Rebekka Kristjánsdóttir (Z). Guðný Ívarsdóttir (K) verður starfandi framkvæmdastjóri og mun sjá um daglegan rekstur í samstarfi við oddvita.

„Fyrsti fundur hreppsnefndar lofar mjög góðu um framhaldið. Hreppsnefnd ætlar að vinna saman að góðum málum enda mjög svipaðar áherslur framboðanna. Stefnt er að því að taka upp aðalskipulagið og áfram unnið að könnun á möguleikum að lagningu hitaveitu. Hreppurinn stendur nokkuð sterkur fjárhagslega og ekki eru uppi hugmyndir um sameiningu við önnur sveitarfélög heldur er vilji til þess að standa vörð um eigið sjálfstæði. Upplýsingavefurinn www.kjos.is verður áfram á sínum stað þar sem skilaboðum og fréttum er komið til Kjósverja," segir Guðmundur.

Gríðarleg kjörsókn var í Kjósinni eða tæp 94%. Guðmundur segir fólk almennt meðvitað um framgang sveitarinnar og telur fólk nýta vel sinn lýðræðslega kosningarétt.

» **„Kátt í Kjós"** verður haldið laugardaginn 17. júlí. Fjölbreytt dagskrá verður að vanda þar sem ma. bændur bjóða heim auk vinsæls sveitamarkaðar í Félagsgarði.



Á-listi Listi nýs afls á nýrri öld **29 atkvæði**

K-listi Listi kröftugra Kjósarmanna **60 atkvæði**

Z-listi Framfara-listinn **58 atkvæði**

Á kjörskrá: 159 **- Kjörsókn:** 149 (94%)
Auð atkvæði: 2 **- Ógild atkvæði:** 0

Hanna búninga og farða leikara

Nú býður Leikfélag Mosfellssveitar uppá þá nýbreytni að halda búninga- og förðunarnámskeið fyrir 14-18 ára. Námskeiðið fer fram í júlí og ágúst. Á námskeiðinu verður farið í helstu undirstöðuatriði í leikhúsförðun og búningagerð. Nemendur læra m.a. helstu skyggingar í almennri förðun og leikhúsförðun, að búa til skegg, hárkollur og skalla og að búa til og sauma eftir sniði. Lagt verður uppúr því að hugsa út fyrir ramman – skapa það sem aldrei hefur verið gert áður. Auk þess hanna nemendur búninga og leikgervi fyrir sýninguna Lísa í Undralandi sem sett verður upp með 13-16 ára hóp Leikgleði. Nemendur munu einnig sjá um förðun og hárgreiðslu fyrir sýningar. Kennari er Eva Björg Harðardóttir. Skráning á www.leikgledi.tk



17. júní

hátíðarhöld í Mosfellsbæ

Kl. 10

Sundmót

Sunddeild Aftureldingar heldur sitt árlega innanfélagsmót í Varmárlaug. Að sundmótinu loknu verða leikir og fjör við laugina.

Kl. 11

Hátíðarguðsþjónusta í Lágafellskirkju

Skátar standa heiðursvörð
Sr. Skírnir Garðarson leiðir guðsþjónustuna. Organisti: Guðmundur Ómar Óskarsson
Kirkjukór Lágafellssóknar
Allir hjartanlega velkomnir

Kl. 13

Hátíðardagskrá á Miðbæjartorginu

Hátíð sett og fáni dreginn að húni
Ávarp fjallkonu
Hátíðarræða
Kammerkór Mosfellsbæjar syngur
Skátafélagið Mosverjar leiðir skrúðgöngu að Hlégarði

Kl. 14-16

Fjölskyldudagskrá við Hlégarð

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar tekur á móti skrúðgöngunni
Kynnar: Tímon og Púmba
Börn frá Reykjakoti syngja
Fíasól og félagar
Mjallhvít og dvergarnir
Leikfélag Mosfellssveitar
Tik Tok skinka
Sirkus Íslands
Grísirnir þrír
Töframaðurinn Einar
Karatesýning frá Aftureldingu

Kl. 16

Sterkasti maður Íslands

Keppt um titilinn Sterkasti maður Íslands á Hlégarðstúninu.

ANDLITSMÁLUN

SÖLUTJÖLD

SKÁTALEIKIR OG ÞRAUTIR

KAFFISALA Í HLÉGARÐI

TRÚÐAR OG ALLSKYNS KYNJAVERUR

PYLSUSALA, HAMBORGARAR OG FL.

HOPPUKASTALI

Kl. 19:30-22:00

Útitónleikar við Hlégarð

Retro Stefson

Mosfellskir listamenn:

María Ólafsdóttir

Mystur

St. Peter the Leader

MOSFELLSBÆR

Mislæg gatnamót við Leirvogstungu

Hleypt hefur verið á umferð um ný gatnamót við Leirvogstungu á þjóðvegi 1. Leirvogstunga ehf. og Ístak tóku þátt í framkvæmdunum með Vegagerðinni til að flýta fyrir verkinu og auka öryggi vegfarenda. „Hljóðmengunin minnkar mikið auk þess sem umferðaröryggið eykst til muna," segir Bjarni Sv. Guðmundsson í Leirvogstungu. Á nyrðri brúnni er einnig göngubrú sem gangandi jafnt sem hjólandi geta nýtt sér. Vorverkin eru í fullum gangi í Leirvogstungu þar sem unnið er að gróðursetningu og lagningu gangstétta. „Hér eru mörg börn og nú erum við að gera þetta vistvænna fyrir fjölskyldufólkið," segir Bjarni.

Smíða borpramma á Tungumelum

Verktakafyrirtækið Ístak hefur nú lokið smíði á sérútbúnum borpramma í járnsmiðju sinni á Tungumelum. Borpramminn er systurskip Þryms, sem var smíðaður á sama stað í lok síðasta árs og hefur unnið að dýpkunarverkefnum í Stamsund og Andenes við Lofoten í norður Noregi. Pramminn sem er 21,1 m á lengd og 12 m á breidd verður notaður í dýpkunarverkefni í Måløy á vesturströnd Norgs. Hann var sendur út í síðustu viku. Þetta munu vera þau tvö nýsmíðaverkefni á stálskipum, sem unnið hefur verið á Íslandi sl. rúm 10 ár.

Tjaldbóndinn á Mosskógum.

Það væsir ekki um gestina á hótelinu.

Glæsilegt tjaldsvæði í skóginum auk tveggja varanlegra tjalda til útleigu

Tjaldhótel rís á Mosskógum

Jón Jóhannsson garðyrkjumaður á Mosskógum lætur ekki deigan síga í kreppunni. Undanfarin ár hefur hann byggt upp glæsilegt tjaldsvæði að Mosskógum í Mosfellsdal.

Tjaldssvæðið hefur notið mikilla vinsælda enda aðeins 5 km frá miðbæ Mosfellsbæjar. Jón hefur nú með hjálp góðra dalbúa komið upp „tjaldhóteli" eins og hann orðar það. Reist hafa verið tvö tjöld í skóginum sem standa uppi allt sumarið og hægt er að leigja. Eitt fjögurra manna og eitt tveggja manna. Annað kemur alla leið frá Kasaktstan en hitt er í líkingu við hin frægu hvítu tjöld á Þjóðhátíð í Eyjum.

Allt til alls fyrir ferðamenn

Á svæðinu er að sjálfsögðu hægt að komast í rafmagn, rennandi vatn og klósettaðstöðu. Dalbúarnir taka vel á móti öllum gestum og stefna þeir jafnvel að stækkun tjaldbúðanna ef vel gengur. Jón segir þetta ágætis viðbót við grænmetis- og trjáræktina sem fyrir er á Mosskógum.

Dalbúarnir við tjöldin tvö sem eflaust á eftir að fjölga.

Mosskógar eru þátttakendur í Mos-Bus þannig að aðgengi ferðamanna er til fyrirmyndar.

Mosfellingar una sér vel í rótgrónu fyrirtæki sem fagnar nú tímamótum

20 ára afmæli Verslunartækni

Verslunartækni er innflutnings- og söluaðili á vörum fyrir verslanir, vöruhús, veitingafyrirtæki og þjónustufyrirtæki. Fyrirtækið er með umboð fyrir tugi vörumerkja sem sum hver hafa verið leiðandi á markaðnum til fjölda ára en einnig í samstarfi við íslenska framleiðendur um sölu á þeirra vörum.

Heildarlausnir fyrir verslanir

Verslunartækni fagnar nú í júní 20 ára afmæli en framkvæmdastjóri og eigandi er Sigurður Hinrik Teitsson. Saga fyrirtækisins nær þó töluvert lengra aftur í tímann hjá þessu rótgróna fyrirtæki. Starfsemin er á fjórum stöðum og þar á meðal í Flugumýri 28 í Mosfellsbæ. Þar er lager fyrirtækisins og verkstæði. Söludeildin er á Draghálsi 4 í Reykjavík. Verslunartækni býður upp á heildarlausnir fyrir verslanir og vöruhús auk þess að búa alltaf að góðu úrvali af öðrum vörum, að sögn Sigurðar.

Mosfellingar í meirihluta

Hjá Verslunartækni starfa átta manns og þar af sex Mosfellingar.

Starfsmenn Verslunartækni fagna 20 ára afmæli í júní.

Fyritækið hlaut á dögunum verðlaun hjá VR þar sem það lenti í fjórða sæti yfir fyrirtæki ársins og er því Fyrirmyndarfélag. „Við höfum notið þeirrar gæfu að hafa trausta viðskiptavini í gegnum árin en þökkum ekki síst frábæru starfsfólki velgengnina," segir Sigurður. Hægt er að kynna sér starfsemina betur á www.verslun.is

Sigurður Hinrik Teitsson, framkvæmdastjóri og eigandi Verslunartækni.

Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2010

Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir ábendingu um bæjarlistamann Mosfellsbæjar 2010. Bæjarlistamanni er jafnframt veittur menningarstyrkur og verður útnefning tilkynnt í tengslum við bæjarhátíðina „Í túninu heima" í ár.

Nefndin óskar hér með eftir tilnefningum eða ábendingum frá Mosfellingum um einstakling eða samtök listamanna í Mosfellsbæ, sem til greina koma að bera sæmdarheitið bæjarlistamaður ársins 2010.
Einungis einstaklingar, sem búsettir eru í Mosfellsbæ og hópar og samtök, sem starfa í bæjarfélaginu koma til greina. Þá er það skilyrði að tilnefndir einstaklingar eða hópar hafi verið virkir í listgrein sinni.

Ábendingar þurfa að hafa borist Menningarmálanefnd í síðasta lagi 26. júlí 2010 og skulu sendast á:
Menningarsvið
Bæjarskrifstofum Mosfellsbæjar, Kjarna
Þverholti 2, 270 Mosfellsbær
eða með tölvupósti á mos@mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA MOSFELLSBÆR

ÓKEYPIS SUMARNÁMSKEIÐ FYRIR 7-12 ÁRA KRAKKA

Gleðidagar – ungur nemur, gamall temur

Kjósarsýsludeild Rauða krossins heldur ókeypis námskeið í sumar fyrir börn. Námskeiðið „Gleðidagar – ungur nemur, gamall temur" verður dagana **12. júlí- 16. júlí**, frá 9-16, Þverholti 7, Mosfellsbæ.

Námskeiðið er haldið í samvinnu við Öldrunarráð Íslands og markmið verkefnisins er að tengja saman yngri og eldri kynslóðir og að miðla gömlum gildum og þekkingu frá hinum eldri til hinna yngri.

Leiðbeinendur á námskeiðinu verða að mestu eldri borgarar og er hverjum frjálst að miðla því sem hann vill til ungu kynslóðarinnar. Dagskráin er ákaflega ölbreytt. Boðið verður m.a. upp á hnútabindingar, sögur frá gamla tímanum, umhvers- og náttúrufræðslu, útileiki, fuglaskoðun, og heimsóknir á hin ýmsu söfn.

Námskeiðið er fyrir börn á aldrinum 7-12 ára og hægt er að skrá sig á www.raudikrossinn.is/kjos eða með því að senda póst á netfangið lovisa@redcross.is.

Áhugasamir geta haft samband og fengið frekari upplýsingar hjá Lovísu Arnardóttir, s. 869-1994, netfang: lovisa@redcross.is, eða hjá eða hjá Kjósarsýsludeild, s. 898-6065.

Rauði kross Íslands
Kjósarsýsludeild

Cafe Kidda Rót

CAFE Kidda RÓT Restaurant · Bar

Háholti 13 - 15
Sími:
552-8002

Hægt er að panta hvaða mat sem er af matseðlinum og sækja (Take away)

Breyttur matseðill og allskonar ný tilboð vegna ábendinga Mosfellinga

HM á risa tjaldi og HM tilboð í gangi meðan á leik stendur

kaffikiddarot.is

KYNNING
föstudaginn 18. júní kl. 16-18:30
Kynntar marineringar fyrir sumarið
Tilboð á ferskum humri
Grill og smakk

SUMARIÐ ER KOMIÐ! ALLIR ÚT AÐ GRILLA!

Fiskbúðin Mos

Háholti 13-15

(milli Krónunnar og Mosfellsbakarís) *Sími: 578-6699*

Komið og fáið ráðleggingar fyrir sumarið

VINSÆLU GRILLSPJÓTIN ERU KOMIN Í BORÐIÐ

OPIÐ:
MÁN-FIM 10-19
FÖS 11:30-19

Skólaslit í Varmárskóla

Varmárskóla var slitið með sannkallaðri gleðihátíð 7. júní. Í stað hefðbundinna skólaslita komu nemendur, starfsfólk og foreldrar saman og skemmtu sér í blíðskaparveðri. Þar var t.d. boðið upp á hjólarallý, sápukúlukeppni, pokahlaup, andlitsmálun, krítarlist, skákfimi, boltaleiki og fjársjóðsleit. Spákonur komu og spáðu í framtíð gesta og allir gátu fengið að grilla brauð í útieldhúsinu. Þar var einnig farið í ratleiki og stígvélakast. Yngri kórmeðlimir skólakórs Varmárskóla sungu lög úr Kardemommubænum. Lögreglan var á staðnum tilbúin að skoða hjól og Rauði krossinn kynnti starfsemi sína og skyndihjálp. Hægt var að kaupa grillaðar pylsur og sykurfroðu (candy flos). Að þessu loknu fór fram afhending einkunna.

Ágæti hundaeigandi

Að gefnu tilefni skal hundaeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ,
(sjá reglugerð á www.mos.is/stjórnsýsla/samþykktirogreglur)

4. gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:
Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.

Fylgst er sérstaklega með lausagöngu hunda og þeir hundar fjarlægðir sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA MOSFELLSBÆR

HÆ, HÓ JIBBÍ JEI

GRILL NESTI

HÁHOLT 24 - 270 MOSFELLSBÆR

HÆ, HÓ JIBBÍ JEI

50% AFSLÁTTUR

AF NAMMIBARNUM Á 17. JÚNÍ

OG ALLA FÖSTUDAGA OG LAUGARDAGA

BEINT Í BÍLINN

Í túninu HEIMA

27. - 29. ágúst

TAKIÐ HELGINA FRÁ!

Viltu taka þátt?

Bæjarhátíðin Í túninu heima verður haldin dagana 27. - 29. ágúst n.k.

Ef þú vilt taka þátt í bæjarhátíðinni á einhvern hátt þá endilega hafðu samband við undirbúningsnefnd sem allra fyrst. Hátíðin verðu með svipuðu sniði og undanfarin ár. Allir sem hafa upp á eitthvað skemmtilegt að bjóða eru hvattir til að taka þátt í hátíðinni.

Áhugasamir hafi samband við Daða Þór Einarsson sem fyrst.
e-mail: dadithor@internet.is - s. 6639225

» KOSNINGAÚRSLIT Í MOSFELLSBÆ 2010



B-listi Framsóknarflokks **410 atkvæði**

D-listi Sjálfstæðisflokks **1.822 atkvæði**

M-listi Íbúahreyfingarinnar **556 atkvæði**

S-listi Samfylkingar **441 atkvæði**

V-listi Vinstri-grænna **428 atkvæði**

NÝ Í BÆJARSTJÓRN

Bryndís Haraldsdóttir — Jón Jósef Bjarnason

Á LEIÐ ÚR BÆJARSTJÓRN



Hanna Bjartmars Arnarsdóttir — Marteinn Magnússon

Kosningar 2010 — 2006

Á kjörskrá: 5.793
Kjörsókn: 3.939 (68%)
Auð atkvæði: 268
Ógild atkvæði: 14
Næsti maður inn:
Marteinn Magnússon (B)
4,5% - 19 atkvæði

Mismikil stemming hjá flokkunum þegar tölur bárust

Kosningavökur úti um allan bæ

Fjögur efstu á lista Íbúahreyfingarinnar. Jón Jósef Bjarnason, Birta Jóhannesdóttir, Þórður Björn Sigurðsson og Hildur Margrétardóttir sátt fyrir utan Cafe Kidda Rót.

Beðið átekta eftir lokatölum í Hlégarði.

Haraldur og Hafsteinn sigri hrósandi.

Kosið var í sex kjördeildum í Lágafellsskóla. Ásgeir og Yrja ganga frá kjörstað.

Bryndís og Hafsteinn verða bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Sigurður Borgar Guðmundsson.

Efsti maður Íbúahreyfingarinnar Jón Jósef og Emilía Helga.

Nýstúdentarnir Ólafía, Hallgerður og Þyrí á kosningavakt.

Frambjóðendurnir Eva Magnúsdóttir og Haraldur Haraldsson.

Fylgst með gangi mála á kosningavöku Samfylkingarinnar.

Marteinn Magnússon og hans fólk í Framsókn hittist í Háholti.

Bryndís Bjarnarson á milli Dalbúanna á kosningavaöku.

Ragnheiður Gunnarsdóttir og Salóme Þorkelsdóttir í Hlégarði.

Gengið til kosninga með fjölskyldunni á útskriftardeginum.

Þóra, Valdimar og Þóra fyrir utan Áslák á kosninganótt.

Vinstri grænir fyrir utan Draumakaffi þegar fyrstu tölur bárust.

Elísabet Kristjánsdóttir og Sigurlaug Ragnarsdóttir af lista VG.

Bongóblíða á kjörstað en kosið var í Lágafellsskóla að vanda.

Flottir stúdentar, Örn Ingi Bjarkason og Sigurjón Gunnlaugsson.

11. Jarðfræði við Varmá

Núverandi landslag er að mestu myndað af jöklum ísaldar en rof af völdum vatns og vinda hefur einnig haft áhrif á landslagið. Þar sem Varmáin hefur sorfið sig niður í berggrunninn og myndað gljúfur má greina í sundur berglög.

Jarðlögin í fellunum í Mosfellssveit halla niður í átt að gosbeltinu vegna áhleðslu gosefna þar. Lagskiptu berglögin eru móberg frá jökulskeiðum og hraunlög frá hlýskeiðum. Fínkorna móbergið er skorið af berggöngum sem eru hægt kólnandi aðfærsluæðar kviku. Grunnvatn sem leikur um berggrunninn nemur varma frá heitum berggöngum. Heitt vatn leysir upp ýmis efni í berginu og þegar vatnið kólnar falla þessi efni út sem nýjar steindir í holrýmum bergsins. Holufyllingarnar sem sjá má í Varmárgili eru geislasteinar, thomsónít og kabasít.

Við landrek, þar sem tvo fleka rekur hvorn frá öðrum, myndast misgengissprungur, en víða má sjá slíkar sprungur í gili Varmár.

Sprungurnar liggja í norður-suður og má rekja þær til virka gosbeltisins í átt að Krýsuvík. Hin gjöfulu jarðhitasvæði í Mosfellssveit eru vegna kólnandi bergganga og virks sprungukerfis.

12. Suður-Reykir

Suður-Reykir, einnig nefndir Reykir, er gömul bújörð í Reykjahverfi og ein af stærri jörðum sveitarfélagsins. Heimildir eru um kirkju á Reykjum frá 12. til 18. aldar og í kaþólskum sið var Reykjakirkja helguð Þorláki biskupi Þórhallssyni (1133 - 1193) sem kallaður var hinn helgi.

Snemma á 20. öld komust Reykir í eigu Guðmundar Jónssonar (1890 - 1946) og Bjarna Ásgeirssonar (1891 - 1956). Að þeirra frumkvæði var lítið gróðurhús reist í landi Reykja árið 1923, það fyrsta á Íslandi. Þar með hófst nýtt skeið í íslenskri landbúnaðarsögu, gróðurhús voru byggð í Reykjahverfi og Mosfellsdal og með sanni má segja að vagga íslenskrar ylræktar hafi staðið í Mosfellssveit.

Nú er stunduð alifuglarækt á Reykjum en hluti jarðarinnar er kominn undir þéttbýli. Landamerki Reykja í norðri voru við Skammadalslæk og sunnan lækjarins reis vistheimilið á Reykjalundi fyrir miðja síðustu öld.

13. Stekkjargil

Stekkjargil í austanverðu Helgafelli dregur nafn sitt af fjárstekk frá bænum Helgafelli og má enn sjá rústir hans þar. Stekkur var fjárrétt sem notuð var til að mjalta ær og var þessi stekkur sennilega nýttur fram yfir aldamótin 1900.

Í Stekkjargili voru ágætir bithagar en gróðurfar í Mosfellssveit mótast af landslagi og hæð yfir sjávarmáli. Fellin eru gróðursnauð, þar sem þau eru hæst, en gróðurþekjan þéttist þegar neðar dregur. Víða í mýrum sveitarfélagsins má finna leifar af birkilurkum en þeir eru vitnisburður um tvö löng birkitímabil sem runnu upp eftir að ísöld lauk fyrir um 10.000 árum. Eftir landnám hófst mikil landeyðing af ýmsum orsökum og í upphafi 20. aldar var allur skógur horfinn úr Mosfellssveit.

Jarðvegurinn í sveitarfélaginu er víða frjór og lífrænn og var hentugur til mótekju en mór er jurtaleifar og var áður fyrr notaður til húshitunar. Mógrafir voru allvíða í sveitarfélaginu, meðal annars á landsvæðinu suður af Stekkjargili í svonefndri Stekkjarmýri.

14. Helgafell

Helgafell rís 216 metra yfir sjávarmáli og þeir sem ganga á fjallið verða verðlaunaðir með góðu útsýni yfir Mosfellsbæ og Sundin blá. Efst á fellinu má sjá rústir af varðbyrgi frá hernámsárunum og vestan fjallsins eru leifar fjöruborðs, í 55 metra hæð yfir sjávarmáli, sem skýrist af því að eftir að ísaldarjökullinn tók að hopa fyrir um 10.000 árum gekk sjór inn á láglendið í Mosfellssveit.

Algengasta gönguleiðin á Helgafell hefst á svonefndum Ásum við Þingvallaveg. Leiðin liggur framhjá tveimur steyptum vatnstönkum frá hernámsárunum sem voru notaðir til að miðla köldu vatni í stórt sjúkrahúshverfi sem reis á Ásunum og nefnt var Helgafell Hospital.

Göngusneiðingur liggur upp fjallið að vestanverðu og þar sem lagt er á brattann er smálaut sem er leifar af lítilli gullnámu frá því snemma á 20. öld. Forsaga málsins er sú að skömmu eftir aldamótin 1900 tóku menn að gera sér vonir um að finna gull í Mosfellssveit, einkum við Seljadalsá í suðurhluta sveitarinnar. Þegar bóndinn á Reykjum auglýsti jörð sína til sölu árið 1911 skrifaði hann í blaðaauglýsingu: „Reykjaland liggur meðfram Þormóðsdals landareign að norðan, og stefnir gullæðin þar á það mitt. Líka kvað hafa fundist gull í næstu landareign að norðan í líkri stefnu (Helgafelli).“

Engar frekari sögur fara af gullinu í Helgafelli.

Útsýni frá Bringum yfir Mosfellsdal

15. Bringur

Bringur eru eyðibýli efst í Mosfellsdal, norðan Grímannsfells, og fellur Kaldakvísl hjá garði. Bærinn var byggður sem nýbýli úr landi Mosfells árið 1856 og fyrsti ábúandinn hét Jóhannes Jónsson Lund (1801 - 1863). Í marsmánuði 1857 komust Bringur í sviðsljósið þegar vermenn úr Laugardal og Biskupstungum björguðust þangað við illan leik eftir miklar hrakningar á Mosfellsheiði. Sex félagar þeirra urðu úti á heiðinni og voru jarðsettir í Mosfellskirkjugarði.

Bringur þótti ágæt sauðfjárjörð og þaðan var stutt í afréttarlandið á Mosfellsheiði. Hinsvegar voru heimatúnin ekki víðfeðm og þess vegna sóttu Bringnabændur stundum í slægjuland lengra inni á heiðinni. Síðasti ábúandinn í Bringum hét Hallur Jónsson (1891 - 1968).

Greiðfær akleið liggur frá Þingvallavegi, ofan við Gljúfrastein, að túnfætinum í Bringum. Enn má sjá leifar af útihúsum á heimatúninu og niður við Köldukvísl er mikill yndisreitur sem heitir Helguhvammur. Þar er fallegur foss í ánni sem heitir Helgufoss.

16. Gljúfrasteinn

Gljúfrasteinn er byggður úr landi jarðarinnar Laxness árið 1945. Arkitekt hússins var Ágúst Pálsson (1893 - 1967) en Auður Laxness (f. 1918) segir svo frá byggingunni í ævisögu sinni: „Á Þjóðhátíðardaginn 17. júní 1945, kom ég mér vel fyrir í sólskininu á svölum Landspítalans, og vélritaði samning um byggingu Gljúfrasteins, og dagana á eftir var hafist handa. Fyrstu merki þess að framkvæmdir væru hafnar, var sími festur uppá steini hér úti á hól, og breiddur yfir hann segldúkur á kvöldin. Þá var fátt um byggingarefni, og þurfti að hringja í ýmsar áttir og tína það saman héðan og þaðan af landinu.“

Auður og Halldór Laxness (1902 - 1998) fluttu í húsið í árslok sama ár og gengu um leið í hjónaband. Þótt Gljúfrasteinn væri í þjóðbraut var Mosfellsdalur stundum einangraður að vetrarlagi; til Reykjavíkur lá óupplýstur malarvegur sem gat lokast vegna veðurs og ófærðar. Auk þess var þá engin verslun í Mosfellssveit eins og fram kemur í endurminningum Auðar: „Á þessum árum var ekkert í kringum Brúarland, þar sem nú er næstum risin borg; engin verslun fyrr en í Reykjavík. Ég keypti mjólk á bæjunum og við fórum eftir rjóma tuttugu og sjö kílómetra, austur að Kárastöðum.“

Á Gljúfrasteini skópu Halldór og Auður mikið menningarheimili, þar var mjög gestkvæmt og tíðkaðist að erlendir þjóðhöfðingjar sæktu þau heim á leið sinni til Þingvalla. Nú er Gljúfrasteinn í eigu íslenska ríkisins og húsið var opnað sem safn fyrir almenning í september árið 2004.

17. Guddulaug

Guddulaug er kaldavermsl skammt frá Laxnesi og gefur af sér um 10 sekúndulítra af 4 gráðu heitu vatni. Um 1980 var laugin virkjuð af Mosfellshreppi en nú á dögum er vatnið úr henni sjaldan notað fyrir vatnsveitukerfi bæjarins.

Halldór Laxness lýsti Guddulaug árið 1975 í endurminningarsögunni Í túninu heima og gerði hana að himneskum heilsubrunni. Hann skrifar: „Í dalnum trúðu allir á þessa lind; einlægt ef einhver var hættulega sjúkur var sótt vatn í þessa lind. Faðir minn trúði á þess lind. Ég trúi líka á þessa lind. Þegar faðir minn var hætt kominn í lúngnabólgu í fyrra sinnið var ég látinn sækja vatn handa honum í þessa lind tvisvar á dag og honum batnaði. Þegar hann fékk lúngnabólgu næst, átta árum síðar, þá var ég í bænum að láta prenta Barn náttúrunnar og einginn til að sækja honum vatn í þessa lind og hann dó ...“

Þessi lýsing Halldórs varð til þess að á undanförnum árum hefur fjöldi ferðamanna gengið að Guddulaug til að bergja á hinu heilnæma vatni. Sá er þó galli á gjöf Njarðar að þegar uppsprettan var virkjuð var henni spillt þannig að vatnið rennur nú úr sveru plaströri. Tveir steyptir brunnar með kranabúnaði komu í stað Guddulaugar en hugmyndir hafa verið á lofti að færa lindina í upprunalegt horf.

Auðvelt er að komast að Guddulaug. Hægt er að leggja bifreiðum á bílastæði Bakkakotsvallar og halda síðan að lauginni eftir göngustíg austan við golfvöllinn. Sú vegalengd er aðeins nokkur hundruð metrar.



18. Mosfell

Mosfell rís 276 metra yfir sjávarmáli. Það er myndað úr móbergi við gos undir jökli fyrir nokkrum þúsundum ára en önnur fjöll sveitarinnar eru hinsvegar úr mismunandi hraunlögum.

Bærinn Mosfell er nefndur í íslenskum fornritum, meðal annars í Egilssögu. Þar dvaldi Egill Skallagrímsson síðustu árin, þar faldi hann silfursjóð sinn og fékk þar sína hinstu hvílu: „Bein Egils voru lögð niður í utanverðum kirkjugarði að Mosfelli,“ segir í Eglu.

Á Mosfelli var fyrst byggð kirkja á 12. öld en mestum deilum olli kirkja sú sem jafnað var við jörðu á ofanverðri 19. öld og greint er frá í Innansveitarkroniku eftir Halldór Laxness. Eftir niðurrif kirkjunnar var ekkert guðshús á Mosfelli fyrr en árið 1965 en þá var Mosfellskirkja hina nýja vígð. Arkitekt hennar var Ragnar Emilsson (1923 - 1990).

Á Mosfelli eru þrír minnisvarðar: brjóstmynd af Ólafíu Jóhannsdóttur (1863 - 1924) sem fæddist á Mosfelli. Hún starfaði mikið að framfara- og mannúðarmálum, bæði á Íslandi og í Noregi. Þá er minnisvarði um séra Magnús Grímsson (1825 - 1860) sem var prestur á Mosfelli fimm síðustu æviár sín. Hann þeitti sér fyrir söfnun íslenskra þjóðsagna og ævintýra ásamt Jóni Árnasyni (1819 - 1888). Loks er brjóstmynd af Stefáni Þorlákssyni (1895 - 1959) við Mosfellskirkju, en samkvæmt erfðaskrá Stefáns skyldi nota allar eigur hans til að byggja nýja kirkju á Mosfelli.

Gönguleið liggur frá Mosfellskirkju til fjalls, framhjá klettinum Diski, sem dregur nafn sitt af því að hann er flatur að ofan, og síðan á fjallstindinn þar sem sjá má leifar af varðbyrgi úr seinni heimsstyrjöld. Þaðan er hægt að ganga niður að bænum Hrísbrú þar sem kirkja, kirkjugarður og skálabær frá miðöldum hafa verið grafin úr jörðu. Frá Hrísbrú liggur leiðin aftur að Mosfelli þar sem hringnum er lokað. Gönguferðin tekur um 1½ klukkustund.

Höfundur texta: Bjarki Bjarnason nema „Jarðfræði við Varmá“ sem er eftir Gísla Örn Bragason.
Ljósmyndir: Árni Tryggvason og Mosfellsbær.

Kollafjörður
Djúpavík
Afstapi
Háheiði
Álfsnes
Reynihvammur
Selalækur
Leirvogsá
Glóruholt
Tungubakkar
Leirvogstung
Varmárósar
Tungufoss
Leiruvogur
Langitangi
Fuglaskoðunarhús
Blikastaðanes
Lágafell
Svartiklettur
Korpa-Úlfarsá
Hamrahlíðarskógur
Úlfarsfell
Hákinn
Stórihnúkur
Litlihnúkur
Skyggnir
Leirtjörn
Úlfarsfellsvegur
Forarmýri
Úlfarsárfoss
Úlfarsá
Grafholt
Fossholt
Reynisvatnsás
Reynisvatn
Leirdalur
Nónás
Hádegishæð
Reynisvatnsheiði
Miðmundadalur
Langavatn
Óskotsheiði
Langavatnsheiði
Vörðuholt
Hafravatn
Hafravatnsrétt
Vatnsvík
Hafrahlíð
Mordalur
Uxaræk
Borgardalur
Borgarvatn
Lali
Hádegisfell
Reykjaborg
Þverfell
Varmá
Einbúi
Reykjafell (Reykjafjall)
Reykjalundur
Efriás
Húsadalur
Selbrekkur
Forarmýri
Skammadalur
Skammadalslækur
Biskupsklettur
Skammadalshamrar
Vetrarmýri
Innri-Skammidalur
Æsustaðafjall
Hnúkur
Gildruás
Helgafell
Helgafell 1
Helgahlíð
Stekkjargil
Skammastaðir
Skammadalur
Mosfell
Diskur
Kýrgil
Borgarh
Mosfellsdalur
Mosfellskirkja
Minna-Mosfell
Kaldakvísl
Tjaldanes
Egilsdys
Viðiroddi
Víghóll
Suðurá
Reykjahlíð
Varmaland
Norður-Reykir
Æsustaðir
Hlaðgerðarkot
Skarhólamýri
Hvammar
Skarhólar
Stekkjargil
Móar
Skyggnir
Hvammur
Hafrahlíð
Hafravatnsvegur
Hafravatnsrétt
Vatnsmýrarholt
Mómýri
Óskotsheiði
Vörðuholt
Langavatnsheiði
Langavatn
Startjarnir
Keldnasel
Keldnaselshæð
Miðmundadalur
Dýjadalur
Seljadalsá
Hafravatnsvegur
Vesturholar
Búrfellsbrekka
Búrfell
Leirtjarnarholar
Leirtjörn
Bæjarlækur
Gildrudalsás
Myrkurtjörn
Árnes
Þormóðsdalur
Selja
Kollafjarðarflói
Kollafjarðarrétt
Kollafjarðará
Flóalækur
Leirvogsá
Sveinamýri
Skollaðalshólar
Gráhóll
Skrauti
Tungumelar
Vesturlandsvegur
Varmadalur I
Varmadalur II
Varmadalur III
Blásteinar
Reynihvammur
Filjakot
Leirur
Fitjar
Vogur
Víðines
Friðland Varmárósar
Golfklúbburinn Keilir
Hlíðarbraut
Hlíðarhamrar
Kjarni
Ás
Alafoss
Urðir
Hulduholar
Blikastaðir 1
Skálatún
Lágafellskirkja
Reykjavegur
Sveinsstaðir
Gerði
Ásbúð
Arnarfell
Heiði
Ekra
Heiðarbýli
Blómvangur
Suður-Reykir
Heiðarhvammur
Undraland
Hvammur
Akrar
Reykholt
Sólvellir
Úxamýri
Hádegisfell
Víðimýri
Úlfarsá
Sveinsstaðir
Akurholt
Hamar
Fellsmúli
Úlfarsfell
Óskot
Miðdalur
Miðdalskot
Búrfellskot
Vellir
Hjöður
Garður
Dalbrekka
Hillá
Víðiholt
Víðir
Fell
Dalsgarður
Hveramýri
Hlíðarhvammur
Hraðhamrar
Hlíðarhlíð
Hlíðarbraut
Hraðhamrar
Hamrahlíð
Lágafellshamrar
Vesturlandsvegur
Hallar
Vellir
Ytstanöf
Arnarhóll
Pétursborg
Naustanes
Blásteinar
(Vonarholt)
Víðiholt
Víðir
Tjaldanes
Egilsdys
Viðiroddi
Fell
Dalsgarður
Reykjahlíð
Varmaland
Norður-Reykir
Æsustaðir
Hlaðgerðarkot
Víghóll
Helgafell
Helgahlíð
Stekkjargil
Skammastaðir
Skammadalur
Skammadalslækur
Biskupsklettur
Skammadalshamrar
Vetrarmýri
Vetrarmýrarháls
Innri-Skammidalur
Gildruás
Æsustaðafjall
Hnúkur
Dýjada
Einbúi
Reykjafell (Reykjafjall)
Gemlingagil
Selbrekkur
Forarmýri
Varmá
Borgarvatn
Borgardalur
Reykjaborg
Hádegisfell
Úxamýri
Uxaræk
Mordalur
Hafrahlíð
Hafravatnsvegur
Hafravatnsrétt
Vatnsvík
Hafravatn
Mómýri
Vatnsmýrarholt
Óskotsheiði
Vörðuholt
Langavatnsheiði
Langavatn
Startjarnir
Keldnasel
Keldnaselshæð
Miðmundadalur
Dýjadalur
Seljadalsá
Hafravatnsvegur
Vesturholar
Búrfellsbrekka
Búrfell
Leirtjarnarholar
Leirtjörn
Bæjarlækur
Gildrudalsás
Myrkurtjörn
Árnes
Selja
Hádegisfell
Reykjaborg
Borgardalur
Borgarvatn
Lali
Hafrahlíð
Mordalur
Vatnsvík
Hafravatn
Hafravatnsrétt
Mómýri

Gönguleiðir í Mosfellsbæ

Gengið um fellin og dalina.
Fræðsla um land og sögu.



GEYMIÐ KORTIÐ

MOSFELLSBÆR

SKÁTAFÉLAGIÐ MOSVERJAR

Gönguleiðir í Mosfellsbæ

Gönguleiðirnar sem sýndar eru á kortinu eru fjölbreyttar og allir ættu því að geta valið sér gönguleiðir við hæfi, sem í heildina eru um 70 km langar.
Þær eru merktar með appelsínugulum stikum, vegprestar settir upp á helstu stígamótum og fjöldi fræðslu- og upplýsingaskilta eru við leiðirnar og upphafsstaði þeirra.
Við hvetjum fólk til að nýta þetta heillandi umhverfi sem við höfum til útivistar hér í fjalllendi Mosfellsbæjar sem best.
Farið gætilega og veljið ykkur leiðir við hæfi.

Umgengnisreglur:

- **Fylgjum merktum leiðum.**
- **Hirðum rusl og úrgang.**
- **Förum varlega með eld.**
- **Höfum hunda alltaf í bandi og hreinsum upp eftir þá.**
- **Hlífum gróðri eins og kostur er.**
- **Skiljum við svæðið eins og við viljum koma að því.**

Nema í bandi

Nema á reiðvegum

SKÝRINGAR:

- Upplýsingaskilti við gönguleiðir
- Vegprestur við gönguleiðir
- Áhugaverður staður / Fræðsluskilti
- 7 Staðir sem fjallað er um á bakhlið korts
- 2,1 Vegalengd á milli vegpresta
- Gönguleiðir (stikaðar/óstikaðar)
- Göngustígar
- Fornar leiðir
- P Bílastæði
- Rétt
- Friðland
- Flugvöllur
- Kirkja
- Safn
- Sundlaug
- Hesthús
- Golfvöllur

1/40.000
0 500 1000 m

Útgefið af Mosfellsbæ 2010
í sammvinnu við Skátafélagið Mosverja

Kortagerð: Ólafur Valsson Copyright ©
Hönnun: Árni Tryggvason

Við Hafravatn

Mosfellsbær – sveit með sögu

Mosfellsbær er um 200 ferkílómetrar að flatarmáli og afmarkast af Reykjavík (áður Kjalarneshreppi) að norðan, að austan af Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi og Sveitarfélaginu Ölfusi, að sunnanverðu af Kópavogi og að vestanverðu af Reykjavík. Í aldanna rás hét sveitarfélagið Mosfellshreppur og náði allt að Elliðaám fram á 20. öld en 9. ágúst 1987 lauk langri sögu hreppsins og Mosfellsbær varð til.

Sögu byggðar í Mosfellssveit má rekja aftur á landnámsöld þegar Þórður skeggi og Vilborg Ósvaldsdóttir námu land milli Leirvogsár og Úlfarsár. Þau bjuggu á Skeggjastöðum en „frá Þórði er margt stórmenni komið á Íslandi," segir í Landnámu.

Allt fram á síðari hluta 19. aldar ríkti kyrrstætt bændasamfélag í Mosfellssveit, líkt og annarsstaðar á Íslandi. Sveitin var að vísu í þjóðbraut því um hana lágu leiðir til Vesturlands, Þingvalla og austur fyrir fjall. En íslenskir bændur voru ekki alltaf að flýta sér til móts við nútímann og þegar fyrsti hestvagninn sást í Mosfellssveit á ofanverðri 19. öld töldu menn að eigandinn væri genginn af göflunum!

Kringum aldamótin 1900 varð félagsleg vakning í Mosfellssveit, ýmis félög voru stofnuð, til dæmis lestrarfélag, kvenfélag og ungmennafélag. Smám saman urðu atvinnumálin einnig fjölbreyttari: Ullarverksmiðjan á Álafossi tók til starfa árið 1896 og fyrsta gróðurhús landsins var byggt á Reykjum árið 1923. Mikinn jarðhita er að finna í Reykjahverfi og Mosfellsdal og vagga íslenskrar ylræktar stóð í Mosfellssveit.

Hernámsárin 1940 - 1945 höfðu gífurleg áhrif á samfélagið í Mosfellssveit og þegar þeim lauk voru yfirgefnir hermannabraggar meðal annars nýttir undir starfsemi Reykjalundar sem tók þá til starfa.

Allt frá stríðslokum hefur verið mikil fólksfjölgun í sveitarfélaginu, fyrsta stóra stökkið í þeim efnum varð á 8. áratugnum og nú búa meira en átta þúsund manns í sveitinni milli fellanna þar sem fjölbreytt náttúra og áhugaverð saga haldast í hendur.



1. Hamrahlíð

Skógræktarsvæðið í Hamrahlíð er undir norðanverðu Úlfarsfelli en samnefnt kotbýli stóð á þessum slóðum, norðan Vesturlandsvegar. Býlið fór í eyði nálægt aldamótunum 1900 en enn má sjá rústir þess.

Upphaf skógræktar í Hamrahlíð má rekja til fyrri hluta 20. aldar þegar Ungmennafélagið Afturelding hóf gróðursetningu þar. Afturelding sinnti skógræktarmálum í Mosfellssveit fram yfir miðja öldina en þar kom að Skógræktarfélag Mosfellshrepps var stofnað, í Hlégarði hinn 20. maí 1955. Stofnfélagar voru 88 talsins og var Guðjón Hjartarson (1927 - 1992) á Álafossi kjörinn fyrsti formaður félagsins.

Árið 1957 hóf Skógrækarfélagið trjárækt í Hamrahlíð með skipulögðum hætti. Fyrstu plöntutegundirnar, sem voru gróðursettar þar, voru birki, sitkagreni og rauðgreni. Allar götur síðan hefur félagið plantað trjám í Hamrahlíð og á heiðurinn af blómlegu skóglendi og útivistarsvæði sem er 42,6 hektarar að stærð. Einnig hefur félagið verið með jólatréssölu í Hamrahlíð frá árinu 1983.

Þegar Skógræktarfélag Mosfellsbæjar fagnaði hálfrar aldar afmæli sínu árið 2005 var hæsta tréð í Hamrahlíð 14 metra hátt sitkagreni sem var 30 cm í þvermál í brjósthæð.

2. Hernámsárin

Hinn 10. maí 1940 steig breskt hernámslið á land í Reykjavík og tók fljótlega að hreiðra um sig í Mosfellssveit, í tjöldum og síðan bröggum. Umsvif hernámsliðsins gjörbreytti ásýnd sveitarinnar og mannfjöldinn margfaldaðist; ári síðar kom bandarískt herlið til sögunnar og leysti það breska af hólmi.

Braggahverfi, svonefndir kampar, risu víða í Mosfellssveit og hlutu erlend nöfn, til dæmis Whitehorse, Victoria Park og McArthur. Flestir kamparnir voru í námunda við Varmá og í sunnanverðri sveitinni, meðal annars í grennd við Hafravatn og Geithéls.

Norðvestan við Hafravatn stóð kampurinn Jeffersonville. Þar var meðal annars bakarí og ekið með framleiðsluna í önnur braggahverfi en einnig voru þar skotfæra- og birgðageymslur, svo og bílaverkstæði. Á milli bragganna voru vegaslóðar sem breyttust í forarsvað þegar rigndi og þá var gott að fara í svokallaðar kanabomsur til að komast á milli húsa. Enn má sjá marga húsgrunna á þessum slóðum sem vitna um mannlíf undir bogadregnu bárujárni á horfinni öld.

3. Seljadalsá og Lestrarfélagið

Seljadalsá liðast eftir endilöngum Seljadal og fellur í Hafravatn. Þar sem áin rennur í vatnið dró til tíðinda hinn 8. ágúst 1890 þegar 19 Mosfellingar komu saman og stofnuðu Lestrarfélag Lágafellssóknar. Þá var ekkert félagsheimili í Mosfellssveit svo ekki var um annað að ræða en að halda stofnfundinn úti í guðsgrænni náttúrunni. Í lögum Lestrarfélagsins sagði að tilgangurinn væri „að styrkja félagsmenn sína í að afla sér sem mestrar fræðilegrar þekkingar eftir því sem félagið hefir föng á og yfirhöfuð að vinna að uppfræðing þeirra og menningu, þjóðfélaginu til eflingar."

Lestrarfélagið starfaði af miklum þrótti fram eftir 20. öld. Það sinnti bókaútlánum, gaf út farandblaðið Umfara um skeið, byggði félagsheimili að Lágafelli árið 1898 og beitti sér fyrir ýmsum framfaramálum, til dæmis stofnun dýraverndarfélags og bindindisstúku.

Að sumu leyti var Lestrarfélagið undanfari Ungmennafélagsins Aftureldingar sem stofnað var að Lágafelli árið 1909. Árið 1915 efndu Lestrarfélagið, Afturelding og Kvenfélag Lágafellssóknar til mikillar samkomu við Hafravatn í tilefni af 25 ára afmæli Lestrarfélagsins. Þar var keppt í frjálsum íþróttum, sundi í Hafravatni og loks var slegið upp dansi í stóru veitingatjaldi.

4. Hafravatnsrétt

Um aldamótin 1900 voru hátt í tvö þúsund fjár í Mosfellshreppi. Afréttur Mosfellinga og Seltirninga var á Mosfellsheiði og því þörf á stórri skilarétt í hreppnum. Þá hafði lögrétt sveitarinnar verið í Árnakrók við Selvatn um 20 ára skeið, hún þótti vera of sunnarlega í sveitinni og voru tilnefndir „réttarstæðisleitarnefndarmenn" til að finna nýtt og hentugt réttarstæði.

Hinni nýju skilarétt var valinn staður við austurhluta Hafravatns. Skúli Guðmundsson Norðdahl (1870 -1934) bóndi og vegavinnuverkstjóri á Úlfarsfelli stjórnaði byggingu hennar en hann var þá helsti grjóthleðslumeistari sveitarinnar. Fyrst var réttað í Hafravatnsrétt árið 1902 og var hún lögrétt Mosfellinga um 80 ára skeið. Fram eftir 20. öld voru réttirnar eitt helsta mannamót ársins í sveitinni og þangað flykktust ungir sem aldnir á hverju hausti. Veitingar voru seldar í tjöldum og um langt skeið annaðist Kvenfélag Lágafellssóknar kaffiveitingar í bragga sem stóð sunnan við réttina.

En nú er hún Snorrabúð stekkur og grjóthlaðnir réttarveggirnir mega muna fífil sinn fegri. Hafravatnsrétt var friðlýst árið 1988.

5. Gullið við Seljadalsá

Árið 1905 var borað eftir gulli í Vatnsmýrinni í Reykjavík með litlum árangri. Þetta skammvinna gullæði leiddi til þess að Einar Guðmundsson (1870 - 1940), bóndi í Miðdal í Mosfellssveit, tók að huga að því hvort gull gæti leynst í landareign hans. Rannsóknir sýndu að kvars með gulli var að finna í berginu beggja vegna Seljadalsár og menn gerðu sér jafnvel vonir um að gull væri víðar í sveitinni.

Árið 1908 hófst námugröftur við ána en gullgrafararnir höfðu ekki erindi sem erfiði. Þremur árum síðar tók erlent fyrirtæki námuna á leigu, einkum fyrir tilstilli Einars Benediktssonar skálds (1864 - 1940) sem átti eftir að koma mikið við sögu gullleitarinnar við Seljadalsá.

Á tímabili voru mikil umsvif við ána. Djúp hola var grafin í bergið og þiljuð innan með timbri. Jarðvegurinn var hífður upp úr námugöngunum en vatni dælt á brott. Um skeið var unnið dag og nótt og bjuggu starfsmennirnir í húsi sem reist var á staðnum. Í fyrri heimsstyrjöldinni 1914 - 1918 varð hlé á gullgreftrinum en á 3. áratugnum tóku hjólin að snúast á ný undir stjórn Þjóðverja sem stofnuðu hlutafélagið Arcturus til að sinna námugreftrinum. Um skeið unnu þar 20 - 30 menn og inn í bergið voru sprengd 60 metra löng göng sem lágu tíu metra undir yfirborð jarðar.

Til að gera langa sögu stutta svaraði gullgröfturinn við Seljadalsá ekki kostnaði og varð honum sjálfhætt þótt enn hafi verið gerðar rannsóknir á gullinu við ána er nær dró aldamótunum 2000.

6. Seljadalur og Kambsrétt

Seljadalur er grösugur dalur sunnan við Grímannsfell, innst í honum er svipmikið gil, sem heitir Hrafnagil, en þar fyrir austan tekur við Innri-Seljadalur. Í Seljadal eru góðir beitarhagar fyrir sauðfé enda var fé haft þar í seli á fyrri tíð eins og nafnið gefur til kynna.

Fyrrum lá þjóðleiðin úr Reykjavík til Þingvalla í gegnum Seljadal eins og fram kemur í Íslandslýsingu frá árinu 1877: „Yfir Mosfellsheiði (400 feta há) liggur fjölfarinn vegur til gamla alþingisstaðarins, Þingvalla, og þaðan greiðist leiðin til fjarlægra héraða landsins. Úr öllum dölum Mosfellssveitar liggur leið upp á Mosfellsheiði; þó er aðalvegurinn eftir hinum syðsta þeirra, svonefndur Seljadalsvegur. Þá er farið - ef Reykjavík er hugsuð upphafsstaður - þegar nýkomið er yfir Elliðaár - í landnorður yfir grjótholt, oftast upp brekkur, fram hjá nokkrum tjörnum, þar til eftir nokkurra stunda reið er komið í Seljadal, lítill óbyggður dalur, og liðast á eftir honum þar er venjulegur áfangastaður, áður en lagt er á Mosfellsheiði ..."

Þegar Kristján IX konungur sótti íslenska þegna sína heim árið 1874 reið hann um Seljadal ásamt föruneyti sínu á leiðinni til Þingvalla. Á 80 metra kafla fremst í dalnum er vegurinn hellulagður við svonefnda Kambsrétt. Rústir réttarinnar eru beggja vegna vegarins en hóllinn þar fyrir ofan heitir Kambhóll. Réttin liggur í stefnunni austur-vestur, hún var 19x25 metrar að stærð og skiptist í fjögur hólf. Kambsrétt var skilarétt Mosfellinga og Seltirninga fram á síðari hluta 19. aldar og var iðulega réttað þar á miðvikudegi í 22. viku sumars.

7. Nessel

Selstaða tíðkaðist um aldir á Íslandi. Selin voru byggð upp til fjalla, og þangað var farið með ærnar á sumrin og stundum einnig kýr. Í seljunum voru unnar mjólkurafurðir, bæði smjör og skyr, undir stjórn selmatseljunnar sem hafði oft unglinga sér til aðstoðar. Smalinn þurfti að gæta ánna nótt sem nýtan dag og reka þær heim í selið til mjalta á hverjum degi. Þessi búskapur lagðist niður á 19. öld en seljarústir má finna allvíða í Mosfellsbæ.

Norður af Seljadal má sjá rústir Nessels sem tilheyrði bújörðinni Nesi á Seltjarnarnesi. Getið er um selið í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá öndverðri 18. öld en þar segir: „Selstaða er jörðinni eignuð þar sem heitir Nesssel í Seljadal undir Grímafelli [Grímannsfelli], og hefur um lánga stund ekki brúkuð verið ..."

Nessel er 4x6 metrar að stærð og snýr í norður-suður. Veggirnir eru um 50 - 100 cm breiðir og 30 - 80 cm háir. Austasti hlutinn er stekkur, þar sem ærnar voru mjólkaðar, en skammt frá selinu rennur Nesselsá niður í Seljadalsá. Í þeirri fyrrnefndu má sjá leifar af lítilli vatnsvirkjun frá því um 1970 en þá gerði Mosfellshreppur könnun á því að leiða kalt vatn úr Seljadal niður í byggðarkjarna sveitarinnar. Vegalengdin þótti of löng svo þessi hugmynd varð aldrei að veruleika.

8. Bjarnarvatn

Bjarnarvatn er aðeins 0,1 ferkílómetri að stærð og stendur 259 metra yfir sjávarmáli. Varmá fellur úr vatninu og til sjávar í Leiruvogi.

Við útfall árinnar eru leifar af stíflu sem byggð var á fyrri hluta 20. aldar í tengslum við ullarvinnslu á Álafossi. Bjarnarvatn átti þá að vera uppistöðulón fyrir Varmá, sem nýta átti til raforkuframleiðslu, en stíflugerðin skilaði þó ekki tilætluðu hlutverki sínu.

Um 1930 var allstórt fjárbú á Suður-Reykjum og var fénu gjarnan haldið til beitar í Reykjafelli og Húsadal. Um það leyti kvaðst sauðamaður frá Reykjum hafa komist í tæri við nykur úr Bjarnarvatni en nykur er vatnaskrímsli í hestslíki. Sauðamaðurinn lýsti viðureign sinni við dýrið á þessa leið: „Tók ég snærishönk upp úr vasa mínum og hugðist ná hestinum strax en það vafðist eitthvað fyrir mér og barst nú leikurinn heim undir fjárhús. Lagði ég nú allt kapp á að ná Grána og tókst það og bjó ég mig undir að bregða bandinu upp í hestinn en fékk þá nokkra bakþanka. Skoðaði ég hestinn nánar, og sá þá að hófarnir snéru öfugt. Hafði ég nú snögg viðbrögð; sleppti tökum og forðaði mér, því nykrar hafa þá ónáttúru að ef maður sest á bak límist maður við bakið og skepnan stormar beint í vatnið sitt og heimkynni með manninn á baki og eru það hans endalok."

Ekki fara fleiri sögur af nykrinum í Bjarnarvatni en göngufólki er vísast að fara varlega á þessum slóðum!

9. Beitarhús

Á fyrri tíð var allmargt sauðfé í Mosfellssveit og gekk það sjálfala á Mosfellsheiði að sumarlagi. Nær einstökum bæjum voru svonefnd beitarhús sem voru fjárhús fjarri heimatúnum og tók staðsetning þeirra mið af því að hægt væri að nýta úthaga að haust- og vetrarlagi. Smalinn hélt fénu á beit á daginn og ef jörð var hulin snjó var honum rutt á brott með svonefndri varreku sem var járnvarin tréskófla. Í slæmum veðrum var fé hýst í beitarhúsunum og gefið hey.

Víða um land má sjá rústir slíkra húsa sem voru oft nálægt ströndinni til að hægt væri að nýta fjörubeit. Annarsstaðar, líkt og hér, voru beitarhúsin upp til fjalla þar sem nægilegt graslendi var í grenndinni.

Þessi beitarhús voru í eigu bóndans á Suður-Reykjum. Þau byggjast upp af tveimur samhliða, jafnlöngum en misbreiðum húsum sem snúa í norðvestur - suðaustur og var gengið inn í þau að norðvestanverðu. Húsin eru um átta metrar að lengd en 3,5 og 2,5 metrar að breidd. Veggirnir eru 1,5 - 2 metrar að þykkt neðst og 80 cm að hæð þar sem þá ber hæst. Að baki húsanna er heytóft, um 2x6 metrar að innanmáli.

Beitarhús voru notuð allt fram á 20. öld. Þessi hús voru aflögð um 1910 - 1915 og síðast notuð af bóndanum á Reykjahvoli.

10. Einbúi

Reykjafell, einnig nefnt Reykjafjall, rís 269 metra yfir sjávarmáli og á austanverðu fjallinu er áberandi grjótholl sem heitir Einbúi. Hinn 16. febrúar 1944 fórust tvær bandarískar herflugvélar af gerðinni P-40 K í Reykjafelli (Reykjafjalli). Önnur vélin brotlenti í fjallinu ofan við Reyki og flugmaðurinn, William L. Heidenreich, fórst. Hin vélin hrapaði til jarðar örskammt frá Einbúa, í svonefndu Einbúasundi, og mátti lengi finna brot úr flakinu á þeim slóðum. Flugmaðurinn, Nicholas Stam (1918 - 2009), bjargaðist í fallhlíf og var borinn heim að bænum Helgadal í sunnanverðum Mosfellsdal þar sem hlúð var að honum.

Litlar upplýsingar fengust um slysið á stríðsárunum og margir töldu að vélarnar hefðu rekist saman. Skýrslur flughersins sanna að svo var ekki heldur urðu veðuraðstæður orsök slyssins eins og Stam staðfesti í bréfi árið 2001: „Veðrið var slæmt og ég tel að þrumuveður hafi valdið því að vélarnar hröpuðu. Ég missti stjórn á flugvélinni og William lenti einnig í hremmingum á sinni vél. Honum tókst ekki að komast í fallhlíf í tæka tíð."

Hafrahlíð og Hafravatn séð frá Úlfarsfelli

MÚSMOS

Tónleikar í Kvosinni!!

Mystur
Snjólugt
María Ólafsdóttir og Hreindís Ylva
Hydrophobic Starfish
Cancer city
St. Peter the leader
For a minor reflection
Endless dark

Kynnir: Steindi JR

Útitónleikar á Álafossi
Ungir Mosfellingar ásamt fleirum stiga á svið
Laugardaginn 19. júní kl. 15.00 til 20.00
Aðgangur er ókeypis

pepsi MAX

Kaffihúsið á Álafossi

Mosfellsbær

MOSFELLINGUR

Álafoss

RAS

Jakob Smári Magnússon tónlistarmaður og kennari hefur í gegnum tíðina spilað með hinum ýmsu hljómsveitum og tónlistarmönnum, en þekktastur er hann fyrir að vera bassaleikarinn hans Bubba

Dreymdi um að verða tónlistarmaður

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

Jakob Smári er gull af manni, vinur vina sinna og einfaldlega besti bassaleikari á Íslandi. Það sem gerir hann svona góðan er meðfæddur hæfileiki hans til þess að finna melódíuna í öllum lögum sem hann spilar líkt og höggmyndalistamaður sem sér mótífið í grjótinu áður en hann byrjar að vinna það," segir Bubbi Morthens er ég bið hann um að lýsa vini sínum Jakobi í stuttu máli.

Jakob Smári fæddist á Akranesi 12. júní 1964. Foreldrar hans eru María Jakobsdóttir matráðskona og Magnús Þorsteinsson bifreiðastjóri en þau eru bæði látin. Hann er yngstur fjögurra systkina þeirra Sigurbjörns Helga, Þorsteins og Hafdísar. „Ég flutti til Reykjavíkur fjögurra ára gamall, nánar tiltekið í Breiðholtið. Þar ólst ég upp og bjó þangað til ég var tvítugur. Ég gekk í Breiðholtsskóla og kláraði grunnskólann í Hólabrekkuskóla. Ég tók eina önn í Fjölbraut í Breiðholti í rafiðn en tók mér svo frí frá námi sem stendur enn," segir Jakob brosandi.

Synirnir Lárus, Jökull Smári og Ari.

Tappi Tíkarrass fyrsta alvöru bandið

„Mig dreymdi um að verða tónlistarmaður og byrjaði að spila á bassa árið 1979. Ég vann í unglingavinnunni og safnaði mér þannig fyrir mínu fyrsta hljóðfæri. Fyrsta hljómsveitin mín hét Jam 80 og var stofnuð árið 1980. Það band þróaðist síðan yfir í annað band sem hét Tappi Tíkarrass og var sú hljómsveit fyrsta alvöru bandið má segja. Á þessum tíma kynntist ég fólki sem ég átti eftir að vinna með seinna eins og Eyjólfi Jóhannssyni í SSSól, Eyþóri Arnalds í Todmobile og Guðmundi Gunnarssyni Mosfellingi sem spilaði með mér og Bubba Morthens í Das Kapital. Tappi Tíkarrass starfaði frá árunum 1981-1983 og Björk Guðmundsdóttir var söngkona bandsins."

Bassaleikarinn hans Bubba

„Árið 1984 hafði Bubbi Morthens samband við mig og vildi fá mig og Guðmund trommara með sér í nýtt band sem hann var að stofna, það band fékk nafnið Das Kapital. Ég hafði verið mikill aðdáandi Bubba, sérstaklega þegar hann var í Utangarðsmönnum, þannig að þetta var mikil upphefð fyrir mig. Síðan þá höfum við Bubbi spilað mikið saman, ég hef eiginlega eytt stórum hluta af ævi minni í að vera bassaleikarinn hans Bubba."

Mæðgurnar Sonja Líf og Ragna.

Erfa tónlistaráhugann

„Ég eignaðist mitt fyrsta barn árið 1995 með Áslaugu Maack Pétursdóttur. Það var drengur og hann heitir Jökull Smári og er í Hagaskóla og spilar körfubolta með KR. Við eignuðumst annan son árið 1997 sem heitir Lárus og er að byrja í gagnfræðaskóla í haust. Hann ætlar að verða tónlistarmaður og er það reyndar nú þegar. Er að læra á bassa og er í hljómsveit sem heitir G-moll. Við Áslaug slitum samvistir árið 1998."

Gifti sig inn í Mosfellingasamfélagið

„Árið 1999 kynntist ég eiginkonu minni, Rögnu Sveinsbjörnsdóttur viðskiptastjóra á auglýsingastofunni Fíton. Við vorum nágrannar í miðbæ Reykjavíkur og kynntumst bara svona yfir götuna," segir Jakob og brosir. Árið 2002 fluttum við á æskustöðvar hennar í Mosfellsbæ. Hún er nefnilega alin hér upp blessunin og gekk í Varmárskóla þar sem ég starfa í dag. Það má eiginlega segja að ég hafi gift mig inn í Mosfellingasamfélagið. Við giftum okkur 16. apríl 2005, en ári áður eignuðumst við son, Ara sem er að byrja í Varmárskóla í haust. Það lítur út fyrir að þar sé enn einn verðandi bassaleikarinn kominn í fjölskylduna. Með Rögnu eignaðist ég stjúpdóttur, hún heitir Sonja Líf Svavarsdóttir og er að læra hárgreiðslu í Iðnskólanum í Reykjavík."

Bassajól

„Árið 2003 gaf ég út sólóplötu sem heitir Bassajól. Hún inniheldur klassísk jólalög eingöngu spiluð á bassa. Hugmyndin að þessari plötu varð til árið 1995, baksviðs í félagsheimilinu á Bolungarvík þar sem ég var að spila. Hún varð síðan að veruleika og óhætt að fullyrða að plata þar sem bassinn er í aðalhlutverki býður upp á að hlusta á lögin út frá öðrum og afslappaðri forsendum."



Á heima í tónlistinni

„Í dag starfa ég sem tónlistarmaður og kennari. Ég kenni á bassa og gítar í Gítarskóla Íslands og svo er ég í hálfu starfi sem tónmenntakennari í Varmárskóla. Ég spila líka með SSSól og Láru Rúnarsdóttur söngkonu. Ég er líka í einni hressustu danshljómsveit landsins sem heitir Danshljómsveitin logandi skósólar. Villi naglbítur er söngvari í þeirri sveit og við spilum gamaldags rokk. Einnig spila ég töluvert með hinum ýmsu tónlistarmönnum inn á plötur og á tónleikum. Ég hef reynt fyrir mér í allskonar störfum, en komst að því á endanum að ég á heima í tónlistinni og hvergi annars staðar."

Myndir: Ruth Örnólfs, Sveinn Speight og úr einkasafni.

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA!

Margt um að vera í sumar í Mosfellsbæ

SUMARTORG Á FÖSTUDÖGUM

Miðbæjartorginu kl. 16.

25. júní kl. 16.
Vísindasýningin „Tilraunalandið" frá Norræna húsinu kemur á torgið.
Fróðleg og skemmtileg sýning fyrir jafnt unga sem aldna!

2. júlí kl. 16.
Brúðubíllinn skemmtir börnunum. Komið með teppi til að sitja á.

9. júlí kl. 16.
Markaður á torginu. Mosfellingum gefst kostur á að selja gamla muni, fatnað, handverk o.fl. sér að kostnaðarlausu.
Skráning á margtumadverd@gmail.com. Sölubásar frá fyrirtækjum bæjarins.
Steindi Jr. sér um happdrætti og uppboð á spennandi munum.
Ágóðinn rennur til góðgerðarmála í Mosfellsbæ.
Mætum og sköpum líflega stemmingu!

16. júlí kl. 16.
Íþróttafélagið **Afturelding** og skátafélagið **Mosverjar** sjá um leiki og þrautir á torginu.

23. júlí kl. 16.
Listaviðburðir á torgi með listamönnum í Mosfellsbæ.
Götuleikhús, skopmyndateikning, tónlist og leikir.

Allir velkomnir

MARGT UM AÐ VERA Á MIÐVIKUDÖGUM

Frítt er inn á alla viðburði

23. júní kl. 21.
Jónsmessuganga undir leiðsögn **Bjarka Bjarnasonar**. Lagt af stað frá Álafosskvos kl. 21 og gengið niður í Leiruvog. Staldrað verður við á ýmsum stöðum og **þjóðsögur** úr Mosfellssveit lesnar. Þegar niður í Leiruvog er komið, uppúr 22:30, verður þar tendrað Jónsmessubál.

30. júní kl. 21.
Bíókvöld í Bæjarleikhúsinu. Ítalska óskarsverðlaunamyndin **Paradísarbíóið** frá árinu 1990 sýnd á tjaldi. Mynd sem allir verða að sjá.

7. júlí kl. 16:30
Hjólreiðatúr fjölskyldunnar. **Halla Karen Kristjánsdóttir** leiðir hópinn frá Lágafellslaug upp í **Reykjalundarskóg**.
Leikir og fjör á túninu, komið með eitthvað á grillið!

14. júlí kl. 20.
Tónleikar á Bókasafninu. Mosfellskir flytjendur og vinir leika létta **sumarklassík.**

21. júlí kl. 16:30
Ratleikur á **Stekkjarflöt**. Veglegir **vinningar** í boði fyrir besta liðið.
Komið með eitthvað á grillið!

FYLGIST MEÐ Á WWW.MOS.IS/BROSANDIBAER

Ravíólí með kokteiltómötum og kjúkling

(fyrir tvo)
1 pakki Rana ravíólí með tómata & mozzarellafyllingu
8-10 kokteiltómatar
1 hvítlauksgeiri
1 elduð kjúklingabringa
(sniðugt að nota afganga, t.d af heilsteiktum kjúkling)
1 msk söxuð basilíka

Hitið ólíufolíu og yljið hvítlauksgeira í henni um stund. Pressið hvítlaukinn létt niður til að ná úr honum safanum og veiðið því næst uppúr olíunni. Bitið kjúkling niður og yljið í smá stund í olíu og bætið svo tómötum saman við og mýkið dálítið og látið opnast og leyfið u.þ.b. helmingi safans að seytla úr þeim (það verður svo sósan). Sjóðið pastað í millitíðinni í örfáar mínútur eftir leiðbeiningum á pakka í léttsöltuðu vatni, sigtið og hellið sósu yfir. Stráið saxaðri basilíku, steinselju eða kóríander yfir.
*Í stað kjúklings má einnig t.d. nota túnfisk úr dós.

Giovanni Maestro Pastaio RANA

Að loknu hlaupi. Svava Rán, Sigrún Erlendsdóttir, Hólmfríður Vala og Guðbjörg M. Björnsdóttir

100 manns hlupu ýmist þrjá, fimm eða sjö tinda

Krefjandi hlaupaleiðir

7 tindahlaupið fór fram laugardaginn 5. júní. Hlaupið var ræst kl 10:00. 83 hlauparar hlupu af stað frá Lágafellslaug. 26 hlauparar stefndu á 7 tinda, 15 stefndu á 5 tinda og 42 ætluðu sér á 3 tinda. Hlaupaleiðin er mjög krefjandi því ekki er mikið um stíga heldur er hlaupið um vegleysur og fjöll og stokkið á milli þúfa. Björgunarsveitin Kyndill og Skátarnir sáu um framkvæmdina og var umgjörð mótsins þeim til mikils sóma. Leiðin var vel merkt auk þess sem drykkjarstöðvar voru víðsvegar með orku og drykki.

Í karlaflokki í 7 tindunum var það Kristján Sigurðsson sem sigraði á tímanum 03:59:07, næstir voru Sigurður Þórisson og Benedikt Jónsson. Hjákonunum sigraði Hólmfríður Vala Svavarsdóttir á 04:23:25, þá komu Ólafía Kvaran og Jónína Gunnarsdóttir næstar.

Í 5 tindunum sigraði Guðbjörg M. Björsdóttir í kvennaflokki og það voru aðeins tveir karlar á undan henni. Kristján, Hólmfríður Vala og Guðbjörg eru öll úr Mosfellsbæ og því vel að sigrinum komin á heimavelli.

BÍLAR VIKUNNAR

www.isband.is
www.100bilar.is

Dodge DAKODA ST 4X2
Nýr bíll, sjálfsk, til í nokkrum litum og tveimur stærðum, Geislaspilari, Tengi fyrir MP3/iPOD, Loftkæling. Verð frá aðeins **1999 þús. kr án VSK.**

ÍSLAND BÍLAINNFLUTNINGUR

ÍSLENSK-BANDARÍSKA | ÞVERHOLTI 6 | SÍMI 534 4433 | ISBAND@ISBAND.IS

FORD F150 CREW CAB 4X4 PLATINUM, Nýr bíll 2010 módel. Þessi bíll er dýrasta týpa og mjög hlaðinn aukabúnaði. **Verð 9890 þús kr.** Bíllinn er í salnum hjá okkur.

ÍSLAND BÍLAINNFLUTNINGUR

100bilar

ÍSLAND BÍLAINNFLUTNINGUR

13 og 14 ára strákar hitta jafnaldra í Såvedalen

Ævintýraferð til Svíþjóðar

Þann 11. júní fór hópur 13 og 14 ára stráka úr Aftureldingu til Gautaborgar að hitta þar jafnaldra sína úr íþróttafélaginu Såvedalen. Sænsku strákarnir komu hingað í heimsókn í apríl 2009 í eftirminnilega heimsókn og léku nokkra leiki við jafnaldra sína hér og kynntust þeim vel. Einnig mynduðust góð kynni á milli foreldra og þjálfara sem voru okkur afar þakklátir fyrir alla þá aðstoð sem þeir fengu og var það ákveðið að heimsækja liðið til Gautaborgar.
Drengirnir leituðu til Ungmennafélags Íslands og hlutu styrk frá Evrópu unga fólksins. Þeir gistu í skóla sem er við glæsilegt íþróttasvæði og tóku þátt í ýmsum leikjum tengdum útiveru og fengu m. a. að kynnast betur sænskri menningu og því sem jafnaldrar þeirra í Svíþjóð hafa uppá að bjóða og munu þeir eflaust koma heim reynslunni ríkari eftir dvölina.

Aftureldingar – framkvæmdastjóri

UMFA

Aðalstjórn Ungmennafélagsins Aftureldingar óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra í fullt starf.

Við leitum að einstaklingi með framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, viðskipta-/rekstrarmenntun eða sambærilega menntun auk brennandi áhuga á íþróttum. Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst.

Boðið er upp á sveigjanlegan vinnutíma því starfinu getur fylgt erill utan dagvinnutíma.

100 ÁRA AFTURELDING 1909-2009

Helstu verkefni
- Utanumhald og eftirlit með rekstri félagsins.
- Þjónusta við iðkendur og stjórnir deilda.
- Umsjón með launakeyrslum.
- Verkefnastjórnun í átaksverkefnum félagsins.
- Samskipti við önnur íþróttafélög og bæjaryfirvöld.
- Ritstjórn vefsíðu og FELIX félagakerfisins.
- Eftirlit og yfirsýn með fjáröflunum félagsins.
- Undirbúningur funda og annarra viðburða á vegum félagsins.

Þekking - hæfni
- Góð þekking á rekstri og fjárreiðum, gerð fjárhagsáætlana, bókhaldi og gerð ársreikninga.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, drifkraftur og sjálfstæði.
- Þekking og reynsla af íþróttamálum.
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.
Umsóknarfrestur er til 2. júlí 2010.
Umsóknir sendist á netfangið: umfa@afturelding.is

Upplýsingar um starfið gefa Gyða Árný Helgadóttir, umfa@afturelding.is s. 566 7089 eða Jón Pálsson, jon@ans.is.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og þeim öllum svarað.

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

ÍSHAMAR

Þarftu að breyta eða bæta, utandyra sem innan?
Tökum að okkur nýsmíði, sérsmíði, viðhaldsvinnu og endurbætur.
Álafossvegur 27 - s. 586-8356 (verkstæði) - fax 586-8357
s. 894-0006 (Gunnar) - ishamar@ishamar.is

ERUM MEÐ TILBOÐ Í GANGI!
Nýir eigendur - Nýjar perur
Vertu velkominn, við tökum vel á móti þér
Opnunartími:
Mánud. – föstud. kl. 11-22
Laugardaga kl. 12-20
Sunnudaga kl. 12-20
GUFUBAÐ
LJÓSABEKKIR
GÓÐAR HÚÐVÖRUR
STURTUR
NUDDKAR
Sólbaðstofa Mosfellsbæjar
Þverholti 5 - Sími: 566-8110

✓RBS ehf
ráðgjöf - bókhald - skattskil
Gunnar Haraldsson, hagfræðingur
löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
löggiltur leigumiðlari
Þverholti 11, 270 Mosfellsbær - Sími 561 0244
Gsm 692 4000, 697 3500 - fax 561 0240 - rbs@centrum.is

Viltu vera helmingi fljótari að þrífa?
Nota 90 % minna af hreinsiefnum?
Þá eru ENJO umhverfisvænu hreinlætisvörurnar eitthvað fyrir þig
Frábær tilboð á kynningum í mars og apríl
Nýr ENJO ráðgjafi í heimabyggð
Jóna Magnea Hansen
Sími: 777 3023
jonamagnea@gmail.com
ENJO CLEAN THE WORLD

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR
CELETTE
Fullkomnustu grindarréttinga– og mælitæki sem völ er á hér á landi
Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýtir best
Nýja Bílasmiðjan
Flugumýri 20
270 Mosfellsbæ
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is
NÝJA BÍLASMIÐJAN HF
BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

HARÐAR FRÉTTIR

Fréttabréf Hestamannafélagsins Harðar - Kemur nú út á síðum Mosfellings nokkrum sinnum á ári

Myndir/bsg

Mæðgurnar Súsanna Katarína Guðmundsdóttir og Súsanna Ólafsdóttir fyrir utan Mosfellskirkju á fermingardaginn.

Hestapestin hefur herjað á allan hestastofninn frá því í mars og sér ekki enn fyrir endann á þessu hvimleiða fyrirbæri. Okkur hefur verið ráðlagt að gefa hestunum frí ef við verðum vör við að hor komi úr nösum þeirra, enda dæmi um að hestar sem eru mikið í notkun fái verulega slæmar sýkingar í kjölfarið þó það gerist ekki alltaf. Einnig þurfum við að hafa auga með hestunum eftir að þeim er sleppt, það eru dæmi um að hestum hafi slegið niður og orðið illa veikir í haganum, sérstaklega ef veður er kallt.

Allt mótahald liggur niðri og mun að öllum líkindum liggja niðri í allt sumar. Landsmóti hefur verið frestað um ár og öll mót í Herði hafa verið blásin af. Það er þó ekki svo að félagslífið hafi lagst af, síður en svo. Við tókum á móti Fáki og Gusti að venju og var óvenju vel mætt í ár. Við fögnum þessu þar sem svo fámennt var fyrir tveim árum að við höfðum áhyggjur af því að þetta væri að leggjast af.

Kirkjureiðin var sérlega hátíðleg að þessu sinni þar sem einn félagsmanna, Súsanna Katarína Guðmundsdóttir fermdist, en það hefur ekki gerst síðan Saga Guðmundsdóttir fermdist þegar við endurvöktum kirkjureiðina fyrir um fimm árum síðan. Vel var mætt af ríðandi mönnum, en þeir sem áttu veika hesta komu keyrandi að þessu sinni.

Kynjareiðin var farin í lok maí og var riðið að réttinni við Helgadal. Það var furðu vel mætt, þrátt fyrir pest, kosningar og Eurovision, eða um 70 manns. Grillvagninn sá um matinn og svo var setið við söng og gítarspil fram á kvöld.

Við munum taka til hendinni í sumar á Harðarsvæðinu, en Mosfellsbær sér okkur fyrir átta röskum stálpuðum strákum og yfir 20 unglingum sem vinna munu að viðhaldi og fegrun svæðisins í sumar.

Dagskráin hefur öll riðlast eða lagst af vegna pestarinnar, en þó eru tveir viðburðir eftir, en það er Jónsmessureiðin á Þingvöll þann 18.-20. júní og Kvennareið á Kjalarnes til Völlu sem vonandi verður farin nú í júní.

Með bestu kveðju
Guðjón Magnússon formaður

Harpa Sigríður Bjarnadóttir hafnaði á dögunum í 1. sæti í fjórgangi á Líflandsmótinu.

Lókal band Harðar tekur lagið í Kynjareiðinni. Tóti í Dalsgarði á hestinum, Guðjón Magnússon og Hákon Hákonarson. Um 70 manns tóku þátt í reiðinni og skemmtu sér konunglega.

Íbúahreyfingin þakkar stuðninginn og auglýsir störf í nefndum

Íbúahreyfingin í Mosfellsbæ þakkar stuðninginn sem framboðið fékk í sveitarstjórnakosningum. Einn fulltrúi er nú í bæjarstjórn og Íbúahreyfingin er annað stærsta stjórnmálaaflið í Mosfellsbæ, aðeins um mánuði eftir að stofnað var til framboðsins. Athygli vekur að kjörsókn í Mosfellsbæ var aðeins 68%. Því hvílir meirihlutavaldið í bæjarstjórn á atkvæðum 31% kosningabærs fólks. Íbúahreyfingin lítur á það sem sitt helsta verkefni að virkja íbúa Mosfellsbæjar til þátttöku í mótun samfélagsins og býður alla sem áhuga hafa á lýðræðisumbótum, jafnrétti og jöfnuði til samstarfs.

Ein af áherslum Íbúahreyfingarinnr í Mosfellsbæ er að skipað verði í nefndir á faglegum forsendum. Íbúahreyfingin hyggst á næstunni auglýsa þau nefndarsæti sem falla í hennar skaut. Við hvetjum áhugasama til að fylgjast með heimasíðu okkar www.ibuahreyfingin.is

F.h. Íbúahreyfingarinnar í Mosfellsbæ
Birta Jóhannesdóttir

Sjúkraþjálfun & Sjúkranudd
HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR

Urðarholt 4 Mosfellsbær Sími 578 5080

Sendum Mosfellingum kærar kveðjur með þakklæti fyrir þann mikla stuðning sem okkur var sýndur í sveitarstjórnakosningunum 29. maí.

Við munum vinna af heilum hug fyrir bæjarbúa alla

Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins

×D

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

Kaffihúsið á Álafossi
Álafossvegur 27 - sími 566 8030

Þökkum Mosfellingum fyrir góðar móttökur
Opið til kl. 22 öll kvöld

FÓTAAÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR
Þverholti 3 - Sími: 566-6612

GÓÐIR MENN EHF
Rafverktakar
GSM: 820-5900
• nýlagnir • viðgerðir
• endurnýjun á raflögnum
• hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
• síma og tölvulagnir
Löggiltur rafverktaki

ÁLAFOSS
Verslun, Álafossvegi 23
WWW.ALAFOSS.IS

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu og yfirborðsfrágang.
JARÐMÓTUN EHF
Flugumýri 18d, 270 Mosfellsbæ S 586 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

Mosfellsbær í ábyrgð fyrir skuldum einkafyrirtækis

Við skoðun á ársreikningi Mosfellsbæjar 2009 kemur í ljós að sveitarfélagið hefur tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna 246 milljóna króna láns sem Helgafellsbyggingar ehf. tóku á árinu 2009. Á móti sjálfskuldarábyrgðinni hefur sveitarfélagið tekið tryggingu í formi veða í tilteknum lóðum í Helgafellshverfi.

En hvernig gerðist það að Mosfellsbær varð ábyrgur fyrir skuldum einkafyrirtækis? Í svari bæjarstjóra við fyrirspurn undirritaðs kemur fram að í samræmi við samning milli Mosfellsbæjar og Helgafellsbygginga ehf. á félagið að greiða til Mosfellsbæjar fast gjald, 700 þúsund krónur, fyrir hverja skipulagða íbúðarlóð eða íbúð í fjölbýlishúsi. Þó varð að samkomulagi við fyrsta uppgjör félagsins til Mosfellsbæjar vegna seldra íbúða 2007 í Helgafellslandi sem fram fór sumarið 2008, að félagið greiddi upphæðina 240 milljónir króna með þremur víxlum. Sem baktryggingu fyrir greiðslu víxlanna var Mosfellsbæ sett að veði lóðir og fasteign Helgafellsbygginga ehf. Að mati Helgafellsbygginga ehf. var verðmæti veðanna á þessum tíma áætlað um 388 milljónir króna.

Til einföldunar mætti segja að til að geta staðið við umsamdar greiðslur til bæjarins hafi Helgafellsbyggingar ehf. tekið lán sem bærinn gekkst í ábyrgð fyrir. Í staðinn tók bærinn veð í lóðum og fasteign Helgafellsbygginga. Í ljósi þess hversu mikið verðfall hefur átt sér stað á fasteignamarkaði má velta fyrir sér hvort veðin standi undir umræddum lánum. Ekkert mat hefur farið fram á verðmæti veðanna frá því samningurinn var gerður á sínum tíma og mat á veðunum hefur aldrei verið unnið af óháðum aðila.

Að sama skapi verður vart hjá því komist að leiða hugann að því hvort sú nýja hugmyndafræði sem þáverandi formaður bæjarráðs og skipulags- og byggingarnefndar, Haraldur Sverrisson, kynnti til sögunnar í greininni *„Uppbygging íbúðarhverfa ný hugmyndafræði í Mosfellsbæ“* sem birtist í Morgunblaðinu þann 7. maí 2006, hafi reynst jafn áhættulaus og fullyrt var: „Með þessu móti er tryggt að fjármagn fylgir frá landeigendum til að standa undir uppbyggingu á nauðsynlegri þjónustu í hverfunum og sá kostnaður lendir ekki á íbúum sveitarfélagsins. Auk þess fríar bæjarfélagið sig þeirri miklu áhættu sem fylgir uppkaupum. [...] Sú leið sem hér hefur verið kynnt um uppbyggingu íbúðahverfa í Mosfellsbæ hefur vakið mikla athygli. Ljóst er að hér er um nýja hugmyndafræði að ræða sem önnur sveitarfélög munu vafalaust nýta sér.“

Getur verið að fjárhagurinn sé ekki jafn traustur í Mosfellsbæ og sumir vilja meina?

Þórður Björn Sigurðsson, varabæjarfulltrúi Íbúahreyfingarinnar í Mosfellsbæ

Skólahljómsveitin við þyrlu Landhelgisgæslunnar á Sjómannadag á Flateyri.

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar í sex daga ferðalagi um Vestfirðina

Máluðu Vestfirðina græna

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar hefur troðið upp á ýmsum stöðum á Vestfjörðum að undanförnu. Hljómsveitin hélt til á Flateyri og Suðureyri um Sjómannadagshelgina og lék þar við góðar mótttökur. Á mánudag tók hún lagið á Þingeyri við Elliheimilið á staðnum.

Hljómsveitin lét það ekki duga og fór hún út í Vigur á þriðjudeginum og spilaði fyrir ábúendur og gesti og komst stjórnandi sveitarinnar svo að orði að hljómsveitin væri sennilega sú fyrsta til að blása til tónleika þar. Hljómsveitina skipar ungt tónlistarfólk, alls 23 einstaklingar. Hljómsveitin tróð einnig óvænt upp á Silfurtorgi á Ísafirði.

Hjólum meira

Nú þegar veðrið er skaplegt flest alla daga hafa margir tekið hjólið sitt úr geymslu. Að vísu eru ekki allir það miklir harðjaxlar að leggja á sig hjólreiðaferð til Reykjavíkur. En ég get sagt af eigin reynslu að leiðin styttist með hverjum degi og maður kemst ótrúlega fljótt í form. Að hjóla ferðirnar sínar innanbæjar er hins vegar virkilega létt mál. Flest allt er í tveggja kílometra radíus. Það tekur ekki nema 6 – 7 mínútur að hjóla þetta og það á þægilegum hraða. Ef við segjum að menn hjóli 5 km á dag í staðinn fyrir að nota bílinn og gera það fimm sinnum á viku þá eru það 25 km. Venjulegur fólksbíll notar kannski átta lítra af bensíni í innanbæjarakstri, sumir meira og einhverjir ef til vill minna. Bensínlítrinn er kominn upp í 200 kr. Þá sparar maður milli 600 og 700 krónur á viku, það er milli 3000 og 4000 kr. á mánuði. Á hálfu ári eru það um eða yfir en 25.000 kr. Að hjóla er auk þess góð dagleg líkamsrækt og gaman.

Sumar leiðir er gott að hjóla í Mosfellsbænum og margt hefur breyst til hins betra. En sumt verður að bæta:

1. Engar hjólreiðaleiðir liggja úr Mosfellsbænum í Grafarholt, Úlfarsárshverfi og Árbæ.
2. Til fallegasta útivistarsvæðis Mosfellinga, Hamrahlíðarskógur, er ennþá ógerandi að fara á hjóli.
3. Sumstaðar eru gang- og hjólreiðarbrautir orðnar ansi lúnar og grjót stendur upp úr. Það má vera allt í lagi fyrir gangandi fólk en er hættulegt fyrir þá sem eru á hjóli eða línuskautum.

Með von um að hjólreiðar verði viðurkenndar sem samgöngumáti og að sem flestir noti sumartímann til þess að hjóla sem oftast.

Úrsúla Jünemann

texture
HÁRSTOFA
Háholti 23 Mosfellsbæ 5668500 texture@texture.is

HM TILBOÐ Í JÚNÍ
Herraklipping á aðeins 3.490.-
Dömuklipping á aðeins 4.490.-
Kíktu við hjá okkur, við erum í sumarskapi.
Frábær tilboð á sætum sumarvörum frá :
REDKEN & TIGI
Þráðlaust net og tölva svo hægt er að fylgjast vel með HM.
Hressingaseðill í boði hússins:
∞ Kaffi americano
∞ Kaffi latte
∞ Kaffi expresso
∞ líkjör
∞ Kók
∞ Kók lite
∞ Svali
...og að sjálfsögðu verðlaun fyir börnin
VERIÐ VELKOMIN

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

HERBALIFE
Kolbrún Rakel Helgadóttir
kolbrunrakel@gmail.com
Lerkibyggð 5 - Mosfellsbær
Sími: 869-7090

Nýjir viðskiptavinir velkomnir
www.youcanworkfromhome.net

ELEKTRUS
- Löggiltir rafverktakar
Sigurjón Hólm Magnússon
Löggiltur rafverktaki
Sími 895 1580 | sigurjon@elektrus.is
www.elektrus.is

ÞJÓNUSTU-AUGLÝSING
Í MOSFELLINGI
KR. 5.000 + vsk.*
nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm
*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - mosfellingur@mosfellingur.is

gudni.is
STAFRÆN ÚTLITSHÖNNUN
AUGLÝSINGAR - NAFNSPJÖLD - LJÓSMYNDUN - UMBROT
VEFSÍÐUR - RÁÐGJÖF - ÖLL STAFRÆN ÚTLITSHÖNNUN
Háholti 14 - 270 Mosfellsbæ - GSM - 897-7738
www.gudni.is - gudni@gudni.is

Jósúa verktakar ehf.

Stíflupjónusta,
endurlögn,
dren og skolplagnir
Sími: 856-4480
Pípulagningaþjónusta
staðsett í Mosfellsbæ
Sími: 856-4481

Heyrst hefur...

...að Yrja og Geiri Slæ eigi von á barni í desember.

...að hljómsveitin Gildran taki þátt í Popppunkti laugardaginn 24. júlí.

...að tvöföldun Vesturlandsvegar sé hafin. Búast má við einhverjum töfum á vegkaflanum.

...að Lotta og Bingi eigi von á sínu öðru barni í lok árs.

...að nýir rekstraraðilar taki við Eldhúsinu-Pizzabakarí og opni í byrjun júlí.

...að lítið hafi verið um útstrikanir á kjörseðlum í Mosfellsbæ. Af kjörnum fulltrúm var Haraldur strikaður oftast út, eða 39 sinnum. Karl 7 sinnum og Jón Jósef 1 sinni. Hlutfallslega var Jónas oftast strikaður út eða 19 sinnum.

...að fjöldi hæfileikaríkra tónlistarmanna komi fram á MúsMos tónleikunum í Álafosskvos á laugardaginn.

...að 18 atkvæðum hafi munað á Marteini Magnússyni (B) og Karli Tómassyni (V) í kosningunum þar sem Framsókn missti sinn mann.

...að knattspyrnudeildin sé búin að kaupa rútu fyrir ferðalög sumarsins.

...að umfangsmikil kannabisræktun hafi verið stöðvuð í Mosfellsbæ í byrjun mánaðar.

...að vart hafi verið við elskhuga í bíl í Helgafellshverfi í hádeginu síðustu vikurnar.

...að Kátt í Kjós fari fram laugardaginn 17. júlí að þessu sinni.

...að Emma eigi afmæli í dag.

....að það verði lifandi tónlist á Kaffihúsinu á Álafossi í kvöld.

...að kvennahlaupið fari fram á laugardaginn kl. 11 að Varmá.

...að Jón Jósef bæjarfulltrúi Íbúahreyfingarinnar hafi eitt sinn gengt starfi gjaldkera Sjálfstæðisflokksins í Mosó.

...að aðeins tíu manns hafi EKKI kosið í Kjósinni.

...að margt nýtt fólk hafi setið bæjarstjórnarfund í morgun. Bæði nýjir bæjarfulltrúar auk þess sem bæði Haraldur og Hafsteinn voru forfallaðir.

...að Stóns verði í Hlégarði laugardagskvöldið 25. júní.

MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

Mosfellingarnir Bjössi og Bjarni spila í heimabyggð

Stóns í Hlégarði

Rolling Stones heiðrunarsveit Íslands, Stóns, mun halda heljarinnar tónleika til heiðurs stærstu rokkhljómsveit mannkynssögunnar í Hlégarði föstudaginn 25. júní. Flutt verða öll helstu lög Rolling Stones frá yfir 40 ára starfsferli sveitarinnar.

Mosfellingarnir Bjarni og Bjössi úr hljómsveitinni Mínus fara fyrir hljómsveitinni en hún er einnig skipuð meðlimum úr Motion Boys, EGÓ og Esju. „Okkur hefur alltaf langað að spila í Hlégarði, enda eitt flottasta samkomuhús á Íslandi, við erum Mosfellingar og langar að halda ball í okkar heimabæ," segir Bjössi. Stóns var stofnuð fyrir tveimur árum síðan, „þetta byrjaði bara í einhverju gríni í partýjum þegar ég tók Mick Jagger og fólki fannst það rosa fyndið. Svo stakk Bjarni upp á því að gera eitthvað með þetta og við völdum með okkur nokkra félaga í verkefnið," segir Bjössi.

Sérstakir kynnar kvöldsins verða þeir Dóri DNA og Steindi Jr. en auk þess koma fram góðir gestir. Sir Honky Tonk sér um upphitun á dansgólfinu.

„Þetta verður eiginlega bara skemmtikvöld þar sem fólk kemur og sleppir fram af sér beislinu. Við erum klæddir upp, tölum ensku og tökum alla frasana" segir Bjössi. Stóns hefur komið fram nokkrum sinnum við góðar undirtektir og er umtalað að strákarnir séu komnir með vottorð frá sýslumanninum á Selfossi sem er mikill Stones aðdáandi.

FYRIR / EFTIR

Klipping: Katrín Sif
Módel: Heiðrún



Hárstofan Sprey
Háholt 14
S. 517 6677
Neglur
á 4.500 kr. út júní

Í eldhúsinu

HJÁ ÞÓRÖNNU

Suðræn kjúklingaveisla

Þóranna Rósa Ólafsdóttir skólastýra við Varmárskóla gefur okkur upp uppskrift að þessu sinni. „Þar sem grilltíminn er að ganga í garð þá langar mig til að deila uppskrift úr uppáhaldsblaðinu mínu, Gestgjafanum."

Suðræn kjúklingaveisla með litríku salati og fylltum paprikum (fyrir 6)
1,2 kg kjúklingabringur
1 dós kókosmjólk
5 cm bútur af engifer, rifinn smátt
2 hvítlauksgeirar, saxaðir
2 lime, safinn pressaður
2 msk púðursykur
1 msk milt karríduft
1-2 msk sojasósa eða worchestersósa
2 dl. matreiðslurjómi
Grillpinnar

Leggið grillpinnana í bleyti, ef notaðir eru trépinnar. Skerið kjúklinginn í 1-2 cm breiðar ræmur eftir endilangri bringunni. Opnið kókosmjólkurdósina og hrærið innihaldið saman. Hellið helminginum af innihaldinu í skál en geymið hinn helminginn í kæli. Saxið engifer og hvítlauk saman við kókosmjólkina í skálinni, pressið limesafa samanvið, púðursykri, karrídufti og 1 msk sojasósu/worchestersósu. Setjið kjúlingabringurnar út í og veltið þeim upp úr blöndunni. Látið þær marinerast í blöndunni í kæli í a.m.k. eina klst.

Þræðið hverja kjúklingaræmu um sig upp á tein og grillið við góðan hita í 3-4 mín á hverri hlið. Skerið góðan topp af vatnsmelónu og leggið sárið á disk og stingið spjótunum í. Í kringum melónuna er raðað úrvali af ávöxtum og klettasalati. Berið fram með sósu, fylltum paprikum og sólskinsbrosi!

Sósa:
Setjið marineringuna í pott ásamt afganginn af kókosmjólkinni, hitið að suðu og látið malla í 10 mínútur.

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

Vignir Óli fæddist 5. mars 2010, hann var 3250 gr og 48,5 cm. Foreldrar hans heita Lína S. Hreiðarsdóttir og Gunnlaugur Bragason. Hann á tvo bræður, Logi Freyr 5 ára og Gabríel Arnar 10 ára.

HLUTAVELTA

Meðfylgjandi er mynd af tveimur strákum sem héldu tombólu til styrktar Rauða krossinum og söfnuðu 2.531 kr. Þeir heita Alex Adam Gunnlaugsson og Almar Freyr Jóhannesson.

Systurnar Sylvía Gló og Ingrid Lin Chan Óskarsdætur sóttu námskeiðið Mannúð og menning hjá Kjósarsýsludeild og færðu Rauða krossinum 1000 kr. að gjöf.

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið **mosfellingur@mosfellingur.is**

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hverjir verða heimsmeistarar í fótbolta 2010?

DAVÍÐ JÖKULL: Spánn, alveg pottþétt.

ELVAR: Ghana, þeir verða spútnik liðið í ár.

ELVAR OG AXEL: Spánverjar.

GUNNAR: Holland.

RÓBERT OG GAUTI: Brasilía og Holland segja feðgarnir.



KJARTAN: Argentískt ár!

Fagnaðarlátunum linnir seint

Danni sterki

Göbbi á pallinum

Sjúbbídú



Módel

Kristinn og Jóna í Lágó

Skvísurnar á Draumakaffi

Systurnar með sólgleraugu



Ösku-reiðar í Eyjum

HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is

Kolli og Einar eru meðetta

Umfa við elskum þig

Stelpurnar á tjúttinu

Sælar í sólinni



Pottormarnir

Nýgift og flott

MOSFELLINGUR er á... facebook

Afmælis

Flottir félagar

Gjallarhornið á ferðinni

'84 Reunionið

Stúddi

ÁRLEGT UPPGJÖR

YNGRI 3 : ELDRI 1

UMFUS

TVÍFARAR

BJÖSSI Í MÍNUS

MICK JAGGER

áslákur

Blues & Jazz
Country & Irish

Stór öl og skot 1.200

BRESKA BULLU RÉTTLÆTIÐ

Breska bullu réttlætið
við borgum ykkur oflætið.
Þið viljið vondar aðfarir
við sendum ykkur hamfarir.

Eyjafjallajökullinn
borgar vaxtastuðulinn.
Á réttláta sem rangláta
nú rignir ösku á Bretana

Siggi Gúst

TIL SÖLU

Eyrnalokkar úr Eyjafjallajökli:
Handsmíðaðir úr bræddu hrauni með silfurfestingu.
Allar uppl á www.trskart.is og í síma 7770611

SMÁAUGLÝSINGAR
FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Íbúð óskast
Traust og reglusöm kona óskar eftir 2ja herbergja íbúð í Mosfellsbæ. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í síma: 869-5425.

Sími fannst
Svartur og hvítur Nokia GSM sími fannst í Tröllateignum nýverið. Eigandi hafi samband í síma 699-3903.

Íbúð óskast til leigu
Erum hjón með eitt barn og óskum við eftir 2-3 herb. íbúð til langtímaleigu, greiðslugeta okkar er 75-85.000kr á mánuði. S: 868-8409 / 899-5119

Tapaður sími
Bleikur Samsung samlokusími tapaðist - líklega á leiðinni Hulduhlíð - Þrastarhöfði (yfir Lágafellsskólaleiksvæðið) Finnandi vinsamlegast hafið samband í síma 898-0189

Íbúð óskast
Óska eftir íbúð á leigu í Klapparhlíð, uppl í síma 698-7154.

Vantar íbúð til leigu
Óska eftir snyrtilegri 2-3 herbergja íbúð fyrir reyklausan og reglusaman einstakling sem fyrst. S. 693-2825.

Húsnæði á Álafossi til leigu
Til leigu 120 fm húsnæði á Álafossi. Hentar sem íbúð og vinnustofa eða atvinnurými fyrir verslun eða léttan iðnað. Upplýsingar í síma 699-7818.

Smáauglýsingar sendist á:
mosfellingur@mosfellingur.is

MOSFELLINGUR
KEMUR NÆST ÚT Í ÁGÚST
GLEÐILEGT SUMAR

MOSFELLINGAR
ELDVARNIRNAR ERU Í
BYMOS, HÁHOLTI 14.
SLÖKKVITÆKJAÞJÓNUSTA
SLÖKKVITÆKI, REYK-OG GAS
SKYNJARAR O.FL.
VERSLUM HEIMA.
WWW.ELDVORN.COM

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

Kenni á bíl, bifhjól eða skellinöðru!
Er með mótorhjólahermi, frábært fyrir byrjendur
Fáið tilboð, kenni allan daginn
Annast einnig ökumat og upprifjun fyrir eldri borgara
Lárus Wöhler
löggiltur ökukennari

ÞAÐ SEM TIL ÞARF
VGH
MOSFELLSBÆ
Verktaki - Vélaleiga
GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279

BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ
VIÐ ERUM NÚ ORÐIN ÞJÓNUSTUAÐILI FYRIR ÚRVINNSLUSJÓÐ
Þú getur komið með bílinn til okkar og fengið skilagrein fyrir 15.000 króna úrvinnslugjaldi.
GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

Ert þú til fyrirmyndar?
Göngu og reiðstígar eru EKKI fyrir mótorhjól.
MotoMos er með frábæra motocrossbraut fyrir þig.
Nánari upplýsingar á www.motomos.is

Viltu betri heilsu?
Leitaðu til ráðgjafa
með reynslu
Ragnheiður Jóhannsdóttir
Herbalife ráðgjafi í Mosfellsbæ
Sími: 869 9913
betriheilsa.is/ragga, raggasj@gmail.com

Cafe Kidda Rót
Háholti 13-15 › Sími: 552-8002
www.cafekiddarot.is

MOSFELLINGUR

GK Snyrtistofa
Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424

SKEMMTILEGUR SKÓGARDAGUR

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar hélt skógardag á laugardaginn í tilefni 80 ára afmælis Skógræktarfélags Íslands. Listaverk leikskólabarna voru til sýnis víðsvegar um Hamrahlíðina. Rauðhetta kom í heimsókn og vinkona Hróa Hattar söng með börnunum við eldstæðið. Þrátt fyrir rigningu var skemmtileg stemming í skóginum þennan dag.

Mynd/Friða

Rétt hjá JÓA
Réttingar og sprautun
Flugumýri 16d
s. 577-1377 / 896-9497
www.retthjajoa.is

Lottó
FJÓRFALDUR
Á LAUGARDAGINN
GRILL NESTI
HÁHOLT 24 - 270 MOSFELLSBÆR

ERUM FLUTT
Í HÁHOLT 14
Í MOSFELLSBÆ

BERG FASTEIGNASALA

Þjónusta við Mosfellinga í 20 ár

Pétur Pétursson
löggiltur fasteignasali
897-0047
588 55 30

Víkarhöfði

Til sölu afar glæsileg 91 fm. þriggja herbergja íbúð á þriðju og efstu hæð í fallegu fjölbýlishúsi. Eignin er öll hin vandaðasta. Parket og flísar á gólfum. Útgengt úr stofu og herbergi á stórar suðursvalir. Sér inngangur. **V. 20,6 m.**

Súluhöfði

Mjög vel staðsett 185 fm. einbýli við Súluhöfða í Mosfellsbæ. Gott skipulag. 4 góð herbergi, rúmgóð stofa. 2 baðherbergi.Eftir er að klára lóð. Rúmgóður bílskúr.

Krókabyggð

Glæsilegt 220 fm. parhús á tveimur hæðum á góðum stað í Mosó. Flottar innréttingar og gott skipulag. Glæsilegur garður með garðhúsi og góð aðkoma að húsi.

Rauðamýri

Hagstæð áhvílandi lán Falleg 143 fm endaíbúð á 1. hæð með sér inngangi og stæði í lokaðri bílageymslu. Stór verönd með skjólveggjum. Þrjú svefnh. Íbúðin er öll hin vandaðasta með góðum innréttingum, tækjum og gólfefnum. **V. 25 m.**

Stórikriki

Afar glæsileg 159 fm. eign á efstu hæð í þessu vandaða fjölbýli við Stórakrika. Eignin er með 24 fm. bílskúr og góðu herbergi inn af honum. Flottar innréttingar,stórar svalir og fallegt útsýni til Esjunnar. Hiti í gólfi á baðherbergi. **V. 30,5 m.**

Skeljatangi

85 fm. 3ja. herbergja íbúð á 2. hæð í fallegu fjölbýli við Skeljatanga. Parket á gólfum. Tvö góðsvefnherbegi. Góðar svalir í suður. Fallegur garður. **V. 20,7 m.**

Ásland

Glæsilegt og frábærlega staðsett 280 fm. einbýli eft í Áslandinu. 4 góð svefnherbergi. 2 stofur og flott tómstundaherbergi. Stór sérhannað nuddpotur. Stór lóð 1600 fm. Mörg bílastæði. Rúmgóður bílskúr og gróðurhús.

Brattahlíð

Vandað og glæsilegt 230 fm. staðsteypt einbýli á fallegum stað í grónu hverfi. Afhendist í núverandi ástandi. Foklheltrúmlega. Flott verð. **V. 26 m.**

Opið virka daga frá kl. 9-18 • Netfang: berg@berg.is • www.berg.is • Berg fasteignasala stofnuð 1989